



Vopnafjörður

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARÐARHREPPS 2006-2026

Vegna Þverárvirkjunar og Vopnafjarðarlínu 1

BREYTINGARTILLAGA

28. október 2020



YRKI ARKITEKTAR

Mýrargötu 26. 101 Reykjavík
Sími: 552 6629 . yrki@yrki.is
Kt: 560997-3109 . www.yrki.is



Innihald

1	Aðdragandi, tilgangur og markmið	4
1.1	Þverárvirkjun	4
1.2	Vopnafjarðarlína 1	5
2	Tillaga að breytingum á aðalskipulagi	6
2.1	Vegna Þverárvirkjunar:	6
2.1.1	Breytingar á uppdrætti	6
2.1.2	Breytingar á greinargerð	9
2.1.3	Aðrar breytingar á aðalskipulagi sem snerta Þverárvirkjun	11
2.2	Vegna Vopnafjarðarlínu:	12
2.2.1	Breytingar á uppdrætti	12
2.2.2	Breytingar á greinargerð	15
3	Staðhættir og fyrirhugaðar framkvæmdir	16
3.1	Umhverfi Þverár	16
3.1.1	Landnotkun og verndun	19
3.1.2	Nánari lýsing á framkvæmdum	19
3.2	Hellisheiði (eystri)	22
3.2.1	Landnotkun og verndun	23
3.2.2	Núverandi loftlína	23
3.2.3	Jarðstrengur	24
4	Umhverfismat	26
4.1	Matsskylda	26
4.2	Tengsl við aðrar áætlanir	27
4.2.1	Landsskipulagsstefna	27
4.2.2	Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026	27
4.2.3	Kerfisáætlun Landsnets	28
4.3	Mat á áhrifum	29
4.4	Umhverfispættir og viðmið	29
4.5	Áhrifaþættir	31
4.5.1	Þverárvirkjun	31
4.5.2	Vopnafjarðarlína 1	31
4.6	Valkostir	31
4.7	Umhverfisáhrif vegna Þverárvirkjunar	32
4.7.1	Áhrif á loftslag	32
4.7.2	Áhrif á land	33
4.7.3	Áhrif á lífríki	34



4.7.4	Áhrif á heilsu og öryggi.....	36
4.7.5	Áhrif á samfélag	36
4.7.6	Áhrif á fornleifar og minjar.....	37
4.7.7	Samantekt áhrifa og niðurstaða.....	37
4.8	Umhverfisáhrif vegna Vopnafjarðarlínu 1	39
4.8.1	Áhrif á loftslag	39
4.8.2	Áhrif á land.....	39
4.8.3	Áhrif á lífríki.....	40
4.8.4	Áhrif á heilsu og öryggi.....	41
4.8.5	Áhrif á samfélag	41
4.8.6	Áhrif á fornleifar og minjar.....	42
4.8.7	Samantekt áhrifa og niðurstaða.....	43
5	Málsmeðferð – hvenær getur þú komið að málum?.....	44
5.1	Kynning lýsingar og samantekt umsagna við hana	44
5.2	Kynning tillögu í vinnslu og samantekt athugasemda	47
5.2.1	Breytingar eftir kynningu á tillögu í vinnslu	50
5.3	Tímalína og samráðsáætlun	51
6	Heimildir	52
	Samþykkt og staðfesting.....	53



Athugasemdir og ábendingar við tillögu

Allir sem óska getið komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu með því að senda þær skriflega til skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps á netfangið sigurdur.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði.

Innsendum athugasemdum og ábendingum verður svarað formlega að loknum auglýsingatíma.

Sjá nánar um samráð og málsmeðferð tillögunnar í kafla 5.

1 Aðdragandi, tilgangur og markmið

Sveitarstjórn leggur hér fram tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Lagðar eru fram tillögur að **tveimur** breytingum samhliða. Breytingarnar eru vegna fyrirhugaðrar Þverárvirkjunar og lagningu Vopnafjarðarlínu 1 í jörð yfir Hellisheiði.

Áður en hægt er að veita framkvæmdar- og byggingarleyfi þarf aðalskipulag að vera í samræmi við þessar hugmyndir. Því er hér lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulaginu. Tilgangur breytinganna er að gæta samræmis við áætlanir þessara framkvæmda og koma fram sjónarmiðum sveitarstjórnar um þær.

Þessar breytingar eiga sameiginlegt meginmarkmið að auka raforkuöryggi á Vopnafirði. Er það í samræmi við áætlanir sveitarfélagsins um að styrkja bæði búsetu og atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Unnið er að deiliskipulagi fyrir Þverárvirkjun þar sem gerð er nánari grein fyrir stærð og umfangi mannvirkja. Í deiliskipulagi skal taka mið af skilmálum og gæta samræmis við aðalskipulag (þessi tillaga). Deiliskipulag fyrir Þverárvirkjun er auglýst samhliða þessari breytingu. Deiliskipulagið er unnið af Mannviti fyrir framkvæmdaraðila virkjunarinnar, Þverárdal ehf. Framkvæmdar- og byggingarleyfi vegna Þverárvirkjunar verða veitt á forsendum deiliskipulagsins og þar með aðalskipulagi.

Vegna framkvæmda við Vopnafjarðarlínu 1 verður gefið út framkvæmdarleyfi á grundvelli aðalskipulags þ.e. þessari tillögu.

1.1 Þverárvirkjun

Fyrirtækið Þverárdalur ehf. áformar að reisa allt að 6 MW vatnsaflsvirkjun í Þverá í Vopnafirði. Þverá er um 19 km frá upptökum í Smjörfjöllum að ármótum Hofsár. Markmið Þverárdals ehf. er m.a. að nýta raforkuna í heimabyggð, virkja vatnsaflíð á hagkvæman hátt og standa að hönnun mannvirkja og framkvæmdum á forsendum umhverfis.

Framkvæmdin fellur undir, 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. Þar fellur framkvæmdin í flokk B eða framkvæmdir sem kunna að vera háðar mati á umhverfisáhrifum þar sem þær geta haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þverárdalur ehf. óskaði eftir heimild Skipulagsstofnunar til að





meta umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eins og um væri að ræða framkvæmd í flokki A og framkvæmdin færi því í fullt ferli mats á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun féllst á það. Matsferlinu lauk með álit Skipulagsstofnunar dags. 22. nóvember 2019.

Nálgast má bæði matsskýrslu framkvæmdaraðila og álit Skipulagsstofnunar hér: <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsskylduakvandanir-flokkur-b/nr/995>

1.2 Vopnafjarðarlína 1


Landsnet áformar að hluti Vopnafjarðarlínu 1 verði lögð í jörð á alls um 9,4 km löngum kafla. Að mestu leyti er framkvæmdin innan sveitarfélagsmarka Vopnafjarðarhrepps, frá sveitarfélagsmörkum á móts við Fljótsdalshéraðs og niður í Böðvarsdal norðan Hellisheiðar eystri eða alls um 7 km. Jarðstrengurinn mun fylgja núverandi vegi yfir Hellisheiði eystri að mestu leyti. Í kjölfar lagningar jarðstrengs verður núverandi loftlína um heiðina tekin niður. Strengurinn verður með sömu flutningsgetu og loftlínan sem hann leysir af hólmi.

Tilgangur með lagningu jarðstrengs yfir Hellisheiðina er að auka afhendingaröryggi á Vopnafirði. Er það gert til að m.a. koma í veg fyrir truflanir á orkuflutningi sem veldur notendum bæði óþægindum og kostnaði. Einnig er æskilegt að draga úr þörf á veðurháðum viðgerðum á loftlínu sem eru oft unnar við hættulegar aðstæður í erfiðum veðurskilyrðum.

































Framkvæmd við niðurtöku loftlínunnar er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. flokki B, sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Jarðstrengslögnin ein og sér fellur ekki undir tilkynningaskylda framkvæmd þar sem strengurinn er undir 10 km og fer ekki um verndarsvæði.

Landsnet lagði fram tilkynningu til Skipulagsstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd við Vopnafjarðarlínu 1 í september 2019. Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 12. desember 2019 um að framkvæmdin væri ekki matsskyld.


Sjá nánar í ákvörðun Skipulagsstofnunar sem finna má hér: <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsskylduakvandanir-flokkur-b/>



































SKÝRINGAR:

	ÍBÚÐARSVÆDI		EFNISTÓKUSVÆDI / EFNISLOSUN		VATNSVEITA Í JÖRD
	MÍÐSVÆDI		NÁTTÚRUVERNÐARSVÆDI SVÆDI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ		RAFVEITA, LOFTLÍNA
	ATHAFNASVÆDI		BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRIRHUGUÐ LANDNOT		RAFVEITA, JARÐLÍNA
	IDNAÐARSVÆDI		LANDBÚNAÐARSVÆDI		FJARSKIPTI Í JÖRD
	HAFNARSVÆDI		VÖTN, ÁR OG SJÓR		FRÁVEITA Í JÖRD
	SVÆDI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR		STRANDSVÆDI SÉJ Á PFÍLLRÍÐUM SAMRÆFISMÖRK FYRIR ÖTIVISSTARVSÆDI, SBR: FYLGISKJAL 2 MEÐ REGLUGERÐ NR. 798/1999 UM FRÁVEITUR OG SKÓLP.		YFIRFALL Í JÖRD
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆDI		STRANDSVÆDI Í FLOKKI B		FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HEFT Á SKIPULAGSTÍMANUM
	OPIN SVÆDI TIL SÉRSTAKRA NOTA		STOFNBRAUT		ADALSTÍGUR
	ÓBYGGÐ SVÆDI		TENGIBRAUT		GÖNGULEIDIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
	SVÆDI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ		ADRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR		REIDLEIDIR/REIDSTÍGAR
	SORPFÖRGUNARSVÆDI		BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS		

Mynd 2.2 Hluti sveitarfélagsuppdráttar fyrir breytingu. Mælikvarði 1:100.000.



SKÝRINGAR:

	ÍBÚDARSVÆDI		EFNISTÖKUSVÆDI / EFNISLOSUN		VATNSVEITA Í JÖRD
	MÍDSVÆDI		NÁTTÚRUVERNÐARSVÆDI SVÆDI Á NATTÜRUMINJASKRÁ		RAFVEITA, LOFTLÍNA
	ATHAFNASVÆDI		BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRRIHUGJÓÐ LANDNOT		RAFVEITA, JARÐLÍNA
	ÍDNADARSVÆDI		LANDBÚNADARSVÆDI		FJARSKIPTI Í JÖRD
	HAFNARSVÆDI		VÖTN, ÁR OG SJÓR		FRÁVEITA Í JÖRD
	SVÆDI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR		STRANDSVÆDI SEM UPPFYLLIR UMHERFISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆDI. SBR. FYLGISKJAL 2 MEÐ REGLUGERÐ NR. 798/1999 UM FRÁVEITUR OG SKÓLP.		YFIRFALL Í JÖRD
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆDI		STRANDSVÆDI Í FLOKKI B		FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HEITT Á SKIPLAGSTÍMANUM
	OPIN SVÆDI TIL SÉRSTAKRA NOTA		STOFNBRAUT		ADALSTÍGUR
	ÖBYGGÐ SVÆDI		TENGIBRAUT		GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
	SVÆDI FYRIR FRÍSTUNDAÖBYGGÐ		ADRIIR VEGIR TIL SKÝRINGAR		REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR
	SÖRPFÖRGUNARSVÆDI		BYGGINGAR TIL NIÐURRIS		

Mynd 2.3 Hluti sveitarfélagsuppdráttar eftir breytingu. Mælikvarði 1:100.000.



2.1.2 Breytingar á greinargerð

Eftirfarandi töflu og sérskilmálum er bætt við sem hluti greinargerðar aðalskipulagsins:

Auðk.	Heiti	Stærð (ha)	Lýsing
I – 5	Þverárvirkjun	8,4	6MW vatnsaflsvirkjun. Iðnaðarsvæðið samanstendur af: stíflu, uppistöðulóni, yfirfalli, veituskurðum, þrýstipípu, stöðvarhúsi, frárennisskurði og vegum.
Sérskilmálar fyrir Þverárvirkjun: <u>Fyrir framkvæmdir:</u> Áður en til framkvæmda kemur þarf að vinna deiliskipulag fyrir virkjunarsvæðið. Þar verði gerð frekari grein fyrir stærðum og umfangi mannvirkja. Við allan frágang á mannvirkjum skal huga að nærumhverfinu þannig að þau verði sem minnst áberandi frá nærliggjandi svæðum. Taka skal tillits til minja í samræmi við niðurstöður fornleifaskráning sem unnin var vegna mats á umhverfisáhrifum Þverárvirkjunar. Ef framkvæmdir fara fram á veiðitíma í Hofsá verði fyrirkomulag og verkþættir sérstaklega kynntir veiðifélagi Hofsár og Sunnudalsár og þeim hagað þannig að þær hafi sem minnst áhrif á veiðimenn. Til að lágmarka áhrif á fálka skal leita leiðsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um mótvægisáðgerðir til að raska ekki varpi. <i>Stöðvarhús:</i> við hönnun, lita og efnisval, hæðarsetningu og nánara val á staðsetningu skal taka mið af því að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum hússins. <i>Vegagerð og lagning þrýstipípu:</i> Leggja skal vegi fljótandi með það fyrir augum að draga úr áhrifum á grunnvatnsstöðu og grunnvatnsstreymi. Við allan uppgröft skal halda til haga náttúrulegum gróðri og geyma fyrir frágang svo hægt sé að loka sárum með staðargóðri. Er það hugsað til að draga úr áhrifum á gróðurfar og ásýnd. Til að draga úr efnisflutningum og þörf á frekari uppgröft efna skal nýta efni sem grafið er upp sem fyllingarefni eins og kostur er. Til að draga úr áhrifum á upplifun við merкта gönguleið skal þrýstipípa og vegur upp með Þverárgili vera staðsett sem fjærst gilinu og kostur er. Í umsókn um framkvæmdarleyfi skal gera grein fyrir til hvaða ráðstafana verður gripið svo draga megi úr raski og áhrifum á votlendi sem njóta verndunar samkvæmt náttúruverndarlögum. <u>Fyrir rekstur virkjunarinnar:</u> Aurskolanir úr lóni og inntaki fari ekki fram nema í samráði við Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár. Skolun fari fram þegar rennsli og náttúrulegur aurburður er mikill í ánni og á þeim tímum árs sem minnstar líkur eru á því að aukins aurburðar gæti út í Hofsá. Að framkvæmdum loknum skal lagt mat á umfang votlendis sem kann að hafa raskast vegna framkvæmda og endurheimta að minnsta kosti jafnstór svæði annars staðar.			

Vegna nýrra efnistökusvæða fyrir framkvæmdina er bætt við sex efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Í töflunni er lýsing og sérskilmálar fyrir svæðin. Tafla yfir efnistökusvæðin yrði viðbót við töflu 18 á bls. 66 í greinargerð Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026:



Nr.	Stærð (ha)	Svæði	Lýsing og sérskilmálar svæða
E-10	4,3	Eyrar í farvegi Þverár, neðan við brú.	Vegna framkvæmda við Þverárvirkjun, efnistaka aðeins heimil á meðan framkvæmdum stendur. Malareyrar í árfarvegi Þverár, um 700 m fyrir neðan við brú á Sunnudalsvegi. Við efnistöku úr ám skal gæta þess að árnar skipti ekki um farveg og/eða auki landrof. Huga skal að því að laust efni ofan við efnistökusvæði getur farið af stað niður ána að lokinni efnistöku. Gæta skal þess að efnistaka valdi sem minnstum breytingum á árfarvegi bæði ofan og neðan við efnistökusvæði. Áætluð efnistaka um 30.000 m ³ .
E-11	3,1	Brunná við Hrappsstaði	Malarnáma norðan Sunnudalsvegar í landi Hrappsstaða/Háteigs. Setnáma úr fornum sjávarkambi og er efnið samansett úr sandi og mól. Er í námuskrá Vegagerðarinnar með fastnr. 18510 og skráð frágengin. Áætluð efnistaka um 80.000 m ³ .
E-12	2,8	Eyrar í farvegi Þverár, ofan við brú.	Malareyrar í árfarvegi Þverár, ofan við brú á Sunnudalsvegi og neðan við stöðvarhús Þverárvirkjunar. Efnistaka heimil til að halda árfarveginum í föstu skorðum með það fyrir augum að verja brúnna og veginn í miklum vatnavöxtum. Slík varnarviðbrögð skulu unnin í samstarfi við Vegagerðina. Við efnistöku úr ám skal gæta þess að árnar skipti ekki um farveg og/eða auki landrof. Huga skal til þess að laust efni ofan við efnistökusvæði getur farið af stað niður ána að lokinni efnistöku. Gæta skal þess að efnistaka valdi sem minnstum breytingum á árfarvegi bæði ofan og neðan við efnistökusvæði. Áætluð efnistaka úr árfarvegi um 20.000 m ³ vegna framkvæmda við Þverárvirkjun. Frekari efnistaka háð framburði árinna.
E-13	2,2	Malarkambur ofan við stöðvarhús Þverárvirkjunar	Vegna framkvæmda við Þverárvirkjun, efnislosun aðeins heimil á meðan framkvæmdum stendur. Efnislosun fyrir ofan áætlað stöðvarhús, meðfram aðkomuvegi að húsinu, á malarkambi ofan við vesturbakka Þverár. Áætluð losun efnis allt að 20.000 m ³ . Huga skal að frágangi þannig að vel falli að landi.
E-14	5,3	Hrappsstaðaháls	Melur á miðri leið þrýstipípu, efnistöku- og efnislosunarsvæði. Ógróinn jökulruðningur á klöpp. Til stendur að grafa þrýstipípu Þverárvirkjunar í gegnum svæðið ásamt vegi að stíflu. Áætluð efnistaka um 30.000 m ³ .



			Áætluð haugsetning allt að 60.000 m ³ efnis af því gefnu að 30.000 m ³ efnis hafa verið fjarlægðir. Huga skal að frágangi þannig að vel falli að landi og loka sárum með staðargóðri.
E-15	1,8	Stíflu- og lónstæði Þverárvirkjunar	Neðan við fyrirhugaða stíflu og í lónstæði er gert ráð fyrir efnistöku og á bökkum árinna beggja vegna er gert ráð fyrir losun efnis sem ekki nýtist til framkvæmdarinnar. Meðtalið er efni úr uppgreftri fyrir veituskurð. Við efnistöku úr ám skal gæta þess að árnar skipti ekki um farveg og/eða auki landrof. Huga skal til þess að laust efni ofan við efnistökusvæði getur farið af stað niður ána að lokinni efnistöku. Gæta skal þess að efnistaka valdi sem minnstum breytingum á árfarvegi bæði ofan og neðan við efnistökusvæði. Áætluð efnistaka um 10.000 m ³ . Áætluð efnislosun um 10.000 m ³ .

Frekari skilmálar um frágang svæðana verða útfærðir í deiliskipulagi.

2.1.3 Aðrar breytingar á aðalskipulagi sem snerta Þverárvirkjun

Bent er á að samhliða breyting á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 vegna Þverárvirkjunar er lögð fram breyting á aðalskipulaginu vegna Vopnafjarðarlínu (sjá næsta kafla hér á eftir).


Stendur til að leggja hluta af Vopnafjarðarlínu í jörð með jarðstreng og eru settir fram almennir skilmálar um lagningu jarðstrengja. Þeir skilmálar munu einnig eiga við um lagningu jarðstrengja tengda Þverárvirkjunar svo sem milli stöðvarhúss og stíflu ásamt tengingu virkjunarinnar við tengivirki Rarik í Vopnafirði.

Skilmálar um lagningu jarðstrengja má sjá hér en einnig í kafla 2.2.2 hér aftar:



























Skilmálar vegna lagningu jarðstrengja

Við lagningu strengja í jörð skal fyrst horfa til þess að leggja strengi um raskað svæði s.s. meðfram vegum og slóðum. Slíkt dregur úr frekara raski og getur einfaldað viðhald eða viðgerðir á streng. Bent er á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfir frá Vegagerðinni og skal samþykki liggja fyrir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Leita skal umsagna Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis strengja sem ekki eru sýndir á uppdrætti í aðalskipulagi.


Við framkvæmdir og frágang skal halda til haga svarðlagi og gera ráð fyrir að endurnýta það ofan á skurði eins og hægt er. Annars skal sá þar sem land er gróið með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Jafnframt þarf að gæta þess að frágangur falli vel að landslagi sem fyrir er.



































SKÝRINGAR:

	ÍBÚDARSVÆDI		EFNISTÖKUSVÆDI / EFNISLOSUN		VATNSVEITA Í JÖRD
	MÍÐSVÆDI		NÁTTÚRUVERNÐARSVÆDI SVÆDI Á NATTÚRUMINJASKRÁ		RAFVEITA, LOFTLÍNA
	ATHAFNASVÆDI		BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRIRHAGLUB LANDNOT		RAFVEITA, JARÐLÍNA
	ÍÐNADARSVÆDI		LANDBÚNADARSVÆDI		FJARSKIPTI Í JÖRD
	HAFNARSVÆDI		VÖTN, ÁR OG SJÓR		FRÁVEITA Í JÖRD
	SVÆDI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR		STRANDSVÆDI SÍM LÍFT FILLIR UNNVEFISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆDI SBR: FYLGISKJÁL 2 MEÐ REGUGERÐ NR. 798/1969 UM FRÁVEITUR OG SKÖLP.		YFIRFALL Í JÖRD
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆDI		STRANDSVÆDI Í FLOKKI B		FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HÆTT Á SKIPULAGSTÍMANUM
	OPIN SVÆDI TIL SÉRSTAKRA NOTA		STOFNBRAUT		ÁDALSTÍGUR
	ÖBYGGÐ SVÆDI		TENGBRAUT		GÖNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
	SVÆDI FYRIR FRÍSTUNÐABYGGÐ		ÁÐRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR		REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR
	SORPFÖRGUNARSVÆDI		BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS		

Mynd 2.5 Hluti sveitarfélagsuppráttar fyrir breytingu. Mælikvarði 1:100.000.



SKÝRINGAR:

	ÍBÚÐARSVÆDI		EFNISTÖKUSVÆDI / EFNISLOSUN		VATNSVEITA Í JÖRD
	MÍÐSVÆDI		NÁTTÚRUVERNDARSVÆDI SVÆDI Á NATTÚRUMINJASKRÁ		RAFVEITA, LOFTLÍNA
	ATHAFNASVÆDI		BLÖNDUÐ LANDNOTKUN LITUR Í SAMRÆM VÍÐ FYRIRHUGJUGJUG LANDNOT		RAFVEITA, JARBLÍNA
	ÍDNADARSVÆDI		LANDBÚNADARSVÆDI		FJARSKIPTI Í JÖRD
	HAFNARSVÆDI		VÖTN, ÁR OG SJÓR		FRÁVEITA Í JÖRD
	SVÆDI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR		STRANDSVÆDI SEM LUFFYLLUR LÁRHEIÐERISMÖRK FYRIR ÚTIVISTARSVÆDI SBR. FYLGISKJÁL 2 MEÐ REGLUGERÐ NR. 798/1999 UM FRÁVEITUR OG SKOLP.		YFIRFALL Í JÖRD
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆDI		STRANDSVÆDI Í FLOKKI B		FRÁVEITA Í JÖRD NOTKUN HÆTT A SKIPULAGSTÍMANUM
	OPIÐ SVÆDI TIL SÉRSTAKRA NOTA		STOFNBRAUT		ADALSTÍGUR
	ÓBYGGÐ SVÆDI		TENGBRAUT		GÓNGULEIÐIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
	SVÆDI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ		ÆÐRIR VEGIR TIL SKÝRINGAR		REIÐLEIÐIR/REIÐSTÍGAR
	SORPFÖRGUNARSVÆDI		BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS		

Mynd 2.6 Hluti sveitarfélagsuppdráttar eftir breytingu. Mælikvarði 1:100.000.



2.2.2 Breytingar á greinargerð

Bætt verður við greinargerð Aðalskipulags Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 eftirfarandi umfjöllun um Vopnafjarðarlínu 1 ásamt skilmálum fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis.

Breyting felur í sér að kafli 3.2.8.3 Rafmagn eru uppfærður og bætt er við skilmálum sem snúa almennt að lagningu rafstrengja í jörð og niðurtöku á loftlínunum í sveitarfélaginu. Skilmálarnir eru forsendur útgáfu framkvæmdaleyfa í samræmi við 3. mgr. 13. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Eftir breytingu er kafllinn svohljóðandi (viðbætur sýndar feitletraðar):

3.2.8.3 Rafmagn

Vopnafjarðarhreppur er á rafhitunarsvæði þar sem húsnæði er undantekningar lítið hitað upp með rafmagni. **Vararafstöð er við þéttbýlið sem er keyrð með olíu þegar mikið álag er á raforkukerfinu eða skerðing verður á afhendingu rafmagns.**

Vopnafjarðarlína 1

Vopnafjarðarlína 1 er 66 kV lína sem tekin var í notkun 1980 og er eina tenging Vopnafjarðar við flutningskerfi Landsnets. Línan liggur frá Lagarfossvirkjunin í Lagarflijóti á Fljótshéraði, meðfram Lagarflijóti að Jökulsá á Brú í Hróarstungu í átt til sjávar, yfir Hellisheiði eystri og niður í Böðvarsdal. Þaðan meðfram Krossavíkurfjöllum, yfir Hofsa og Kolbeinstanga að tengivirki við þéttbýlið í Vopnafirði.

Skilmálar vegna lagningu jarðstrengja

Við lagningu strengja í jörð skal fyrst horfa til þess að leggja strengi um raskað svæði s.s. meðfram vegum og slóðum. Slíkt dregur úr frekara raski og getur einfaldað viðhald eða viðgerðir á streng. Bent er á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfir frá Vegagerðinni og skal samþykki liggja fyrir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Leita skal umsagna Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis strengja sem ekki eru sýndir á uppdrætti í aðalskipulagi.

Við framkvæmdir og frágang skal halda til haga svarðlagi og gera ráð fyrir að endurnýta það ofan á skurði eins og hægt er. Annars skal sá þar sem land er gróið með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Jafnframt þarf að gæta þess að frágangur falli vel að landslagi sem fyrir er.

Skilmálar vegna niðurtöku á loftlínunum

Við niðurtöku á loftlínu og möstrum skal horfa til þess að nýta vegi og vegslóða eins og kostur er til að lágmarka rask á yfirborði. Fylla skal upp í holur og sár eftir sökklá, staura eða möstur. Ef vegslóði er talinn óþarfur eftir niðurtöku loftlínu skal loka honum og ganga frá með því að notast við efni af staðnum og staðargróður látin græða sárin. Á melum og ógrónum svæðum skal jafna land svo líkast því sem fyrir er.

Markmiðið er svæði eftir aflagða vegi taki á sig mynd aðliggjandi svæða.



3 Staðhættir og fyrirhugaðar framkvæmdir

3.1 Umhverfi Þverár

Eftirfarandi lýsingar koma úr matsskýrslu Þverárdals ehf. (sjá skýrslu hér).

Ýtarlegri umfjöllum má finna þar í köflum 2 og 5.

Þverá er dragá sem á upptök í vestanverðum Smjörfjöllum, þaðan sem hún rennur niður á láglandi Vopnafjarðar, út í Hofsá og þaðan til sjávar. Þverá er mynduð af Sauðá og Hestá við Þrætutungu þar sem ármótin eru. Fyrirhugað inntakslón yrði skammt norðan Þrætutungu. Þverárdalur tilheyrir Hrappsstöðum vestan ár (kallaður Hrapstaðadalur þeim megin) en Egilsstöðum, austan ár.

Lengd Þverár er um 19 km frá upptökum niður að ármótum Hofsár. Á leið hennar niður Þverárdal, niður á láglandi Vopnafjarðar renna í hana margir lækir úr fjöllum umhverfis. Leiðin upp með ánni sker marga slíka lækjarfarvegi. Frá fyrirhuguðu inntakslóni að stöðvarhúsi fellur Þverá í gili. Til að byrja með eru hlíðarnar niður að ánni aflíðandi en eftir því sem neðar dregur þrengist gilið, dýpkar og verður að gljúfri. Í gljúfrinu rennur Þverá um litríkar líparit myndanir.

Rofmáttur árinna er talsverður sem sést á því að frá fyrirhuguðu inntakslóni að Hofsá, um 6-7 km leið, eru engir fossar en nokkrar litlar flúðir. Áin breiðir nokkuð úr sér þegar giljunum sleppir og rennur þar í mörgum lænum áður en hún rennur út í Hofsá.

Frá þéttbýlinu í Vopnafirði er um 11 km akstursvegalengd um Hlíðarveg (917) og Sunnudalsveg (919) að Þverá. Þar er brú yfir ána, en rétt ofan hennar er fyrirhuguð staðsetning stöðvarhúss virkjunarinnar.

Gróðurfar og vistgerðir

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er að mestu vel gróið. Stórar mýrar með litlum flóaflákum og fjalldrapamóar voru áberandi á nyðri hluta svæðisins þar sem þrýstipípa og vegur meðfram henni munu liggja uppi á flatlandinu, vestan Þverárgils.

Eftir því sem sunnar dregur á svæðinu, færast þrýstipípan og vegurinn nær bökkum Þverár og alveg niður að ánni þar sem stíflan, lónið, veituskurðurinn og yfirfallið eru fyrirhuguð. Á þessu svæði er gróðurinn mun fjölbreyttari þar sem skiptust á mis grónar og brattar skriður með full- eða hálfgrónum lyngmóum og jafnvel birkikjarri inn á milli.


Með fyrirhugaðri virkjun skerðist rennsli í Þverá á um sjö kílómetra kafla frá lóni að stöðvarhúsi. Innst (syðst) í dalnum rennur áin meðfram háum, nokkuð skriðulum og misvel grónum bökkum. Meðfram ánni eru einkum lítt grónar þurrar áreyrar. Á stöku stað sjást grónar torfur ofan við árbakkann sem áin étur bersýnilega úr. Nokkru norðar og neðar rennur áin um þröngan farveg með klapparbotni og stundum um þröng höft. Á þessum kafla er lítið um bakkagróður.

Nýrst á svæðinu, um 500-700 m ofan við fyrirhugað stöðvarhús og brúna yfir Þverá á Sunnudalsvegi, rennur áin út úr þröngum farvegi sínum og flæðir um grófar og ógrónar áreyrar.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Ísland (NÍ) mun þrýstipípa og vegur meðfram henni liggja í gegnu votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (<https://serstokvernd.ni.is/>). Á mynd 3.1 má sjá



hvar fyrirhugað er að leggja þrýstípípu á samt útbreiðslu votlendis samkvæmt vistgerðarkortinu.



Mynd 3.1 Tillaga að breyttum sveitarfélagsuppdrætti (sjá nánar í kafla 2.1) ásamt votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (sýnt með rauðum flákum ofan á uppdrátt). Þrýstípípa liggur vestan við árfarveg þverár í gegnum votlendi á tveimur stöðum. Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fuglalíf

Við athugun á fuglalífi sumarið 2018 fundust 20 fuglategundir í Þverárdal, þar af voru sjö á válista. Tvær af framangreindum sjö válistategundum eru skilgreindar sem ábyrgðartegundir. Þessar tegundir eru fyll og fálki. Til viðbótar voru sjö tegundir af þeim 20 sem voru skrásettar skilgreindar sem ábyrgðartegundir. Þessar tegundir eru heiðagæs, sandlóa, heiðlóa, lóupræll, jaðrakan, spói og stelkur. Auk þessara tegunda er smyrill, sem skilgreindur er í forgangi vegna Bernarsamnings, og grágæs sem er á lista NÍ yfir svokallaðar forgangstegundir. Fálki sást þó ekki í athuguninni en fæðuleifar sem fundust benda eindregið til þess að tegundin verpi í Þverárgili.

Hreindýr

Hreindýr hafa orðið meira áberandi á vopnfirskum heiðum á síðustu árum samhliða mikilli fjölgun þeirra norðan Jökuldals. Lítið hefur þó borið á hreindýrum í og við Þverárdal en þau hreindýr sem sjást þar eru einkum tarfar.

Vatnalíf

Vatnalíf Þverár ber þess glöggt merki hvað þéttleika og samsetningu þörunga og hryggleysingja varðar að vera vatnsmikil, köld og straumhörð á. Þannig bentu mælingar á blaðgrænu *a* (lífmassa þörunga) til þess að frumframleiðsla í ánni væri fremur lítil. Þörungar gegna mikilvægu hlutverki í frumframleiðslu straumvatna sem frumstig í fæðuvefjum og grunnur að tilveru annarra dýra ofar í fæðukeðjunni.



Gildi blaðgrænu gaf þær visbendingar að aðstæður fyrir þörunga séu mun betri neðan til í ánni en á efri hluta hennar. Þéttleiki hryggleysinga var fremur lítill á öllum stöðvum og fánan fremur einsleit. Í flestum tilvikum var einungis rykmý til staðar en það var ríkjandi á öllum stöðvum og í öllum sýnum líkt og algengt er í dragám á Íslandi. Tegundasamsetning rykmýsfánunnar bendir til þess að Þverá sé fremur næringarefnafátæk.

Rafveitt var á fimm stöðum í Þverá. Einungis bleikjuseiði veiddust og voru þau á þremur stöðum í ánni. Ekkert seiði veiddist á efstu stöðinni þar sem fyrirhugað lónstæði á að vera. Ekkert bendir til þess að Þverá sé mikilvægt uppeldissvæði fyrir laxa í Hofsá.

Jarðfræði og jarðmyndanir

Á fyrirhuguðu virkjunarsvæði er berggrunnurinn myndaður á svokölluðu mið-míósen tímabili á tertiera jarðsögu tíma (eldri en 11 milljón ára) og samanstendur að mestu af basaltlögum (þóleiit) með misþykkum setlögum á milli. Á nokkrum stöðum skjóta upp kollinum yngri berglög, úr súru gosbergi frá síðari hluta tertier og ísöld (eldri en 11 þúsund ára) eða súrt innskortsberg (rýólít, granófýr og granít). Í norðurhlíðum Smjörfjalla er talin vera kulnuð megineldstöð sem er álitin hafa verið virk á tertier. Á láglendi er berggrunnurinn að mestu hulinn þykkum setlögum, sem hafa verið að myndast frá lokum ísaldar (yngri en 11 þúsund ára). Víðs vegar má sjá malarhjalla neðarlega í hlíðum Smjörfjalla, sem hafa myndast þegar sjávarstaðan var hærrí en hún er í dag.

Rennsli Þverár kemur til með að skerðast í gljúfrinu milli fyrirhugaðrar stíflu og niður að brúnni yfir Þverá á Sunnudalsvegi. Skerðingin á sér fyrst og fremst stað að vetri til en á sumrin verður áfram talsvert rennsli. Vatnsrennsli um flúðir á þessum kafla í gljúfrinu mun því skerðast en einungis að litlu leyti yfir sumartímann.

Engir þekktir fossar eru í Þveránni á þessu svæði, en nokkrir lækjarfarvegir falla í fossum fram yfir gljúfurbrúnina og í Þverá. Ásýnd þeirra mun ekki skerðast, fyrir utan einn ónefndan foss sem er um það bil 300 m neðan við stífluna. Sá foss mun að mestu hverfa vegna áforma um að veita vatninu úr þessum læk yfir í lónið.

Í gljúfrinu má sjá marga tilkomumikla bergganga, en öll fyrirhuguð mannvirki í tengslum við virkjunina eru staðsett fjarri þeim og því kemur framkvæmdin ekki til með að skerða þá eða ásýnd þeirra. Á kafla í gljúfrinu hefur áin rofið sig niður í líparít (rýólít), sem er bergmyndun frá því að megineldstöðin í norðurhlíðum Smjörfjalla var virk.

Fornleifar og minjar

Við vinnu við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar fór fram skráning fornleifa á vegum fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga. Alls voru skráðar 32 minjar á vettvangi, 21 austan ár í landi Egilsstaða og 11 vestan ár, í landi Hrappsstaða.

Skráðar minjar endurspeglar hvernig afdalir, þar sem ekki var hefðbundinn búskapur, voru nýttir allt fram á 20. öld. Þar er að finna beitarrústóftir, hey- og seltóftir, auk nokkurra varða, smalabyrgis og tveggja stekkja. Elstu minjarnar eru seltóftir beggja vegna árgilsins en haft hefur verið í seli frá Hrappsstöðum vestan ár og Egilsstöðum austan ár. Seljabúskapur var hætt á Íslandi á 19. öld og hafði hann þá verið á undanhaldi um nokkurt skeið. Seltóftirnar eru gamlar að sjá og eru selin bæði kennd við sjálfar tóftirnar, kallaðar Seltóftir í landi Hrappsstaða en Seltættur í landi



Egilsstaða. Heyjað var á dalnum fram á 20. öld og eru heytóftir bæði austan og vestan ár.

Fornleifaskráningin tekur til minja sem enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Minjar geta þó einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofan jarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber, samkvæmt 24. gr. laga um menningarminjar, að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjum.

3.1.1 Landnotkun og verndun

Samkvæmt Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026 er virkjunarsvæði Þverárvirkjunar á landi sem skilgreint er landbúnaðarland. Óheimilt er að breyta landnotkun á landbúnaðarsvæði sem er 5 hektarar eða stærra, nema leyfi landbúnaðarráðherra liggja fyrir.

Engin verndarsvæði eru í námunda við fyrirhugað virkjunarsvæði. Engin mikilvæg fuglasvæði á landsvísu eru í næsta nágrenni fyrirhugaðs virkjunarsvæðis.

Engin þekkt svæði í Vopnafjarðarhreppi eru undir náttúruvá og svæðið er ekki á þekktu jarðskjálftasvæði.

Í gildandi aðalskipulagi er stuttlega fjallað um iðnaðarsvæði almennt en þar segir:

3.3.7 Iðnaðarsvæði

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum iðnaðarsvæðum í skipulaginu öðru en svæðum undir spenn- og veitustöð, endurvarpsstöð og neysluvatnstanka. Skv. skipulagsreglugerðnr. 400/1998 m.s.br. skal hafa skólpælu- og hreinsistöðvar á iðnaðarsvæði, sbr. gr. 4.7.1 um skilgreiningu iðnaðarsvæða.

Fyrir breytingu er engin iðnaðarsvæði að finna inni á sveitarfélagsuppdrætti en á þéttbýlisuppdrætti er að finna iðnaðarsvæði fyrir spenn- og veitustöðvar. Ekki er fjallað um þessi svæði í greinargerð aðalskipulagsins.

3.1.2 Nánari lýsing á framkvæmdum

Eftirfarandi samantekt byggir á framkvæmdalýsingu úr matsskýrslu Þverárdals ehf. Sjá nánar um fyrirhugaðar stærðir og umfang í kafla 3 í matsskýrslunni.

Stífla

Stíflan myndi liggja þvert yfir farveg Þverár, úr landi Hrappsstaða/Háteigs yfir í land Egilsstaða rétt neðan við ármót Þverár og Sauðár. Lengd stíflunnar er um 110 m, mesta hæð hennar yrði um 18 m. Áætluð efnispörf fyrir stífluna er um 32.000 m³ af fyllingarefni.

Uppistöðulón/inntakslón

Við stífluna yrði til uppistöðulón sem yrði við venjulegt rekstrarvatnsborð um 1,5 ha að stærð, þar af um 40% þess í núverandi farvegi Þverár. Gert er ráð fyrir að í flóðum geti vatnsborð hækkað um 2,5 m frá venjulegu rekstrarvatnsborði. Við venjulegan rekstur er vatnsborð í inntakslóni áætlað í kóta 255 m y.s. en 247 m y.s. í lægstu stöðu. Yfirborð uppistöðulóns markar efri mörk virkjunarsvæðisins á uppdrætti aðalskipulags.

Yfirfall og skurður

Gert er ráð fyrir að skurður verði grafin á austurbakka Þverár við enda stíflu. Áætlað er að skurðurinn verður um 120 m langur og botnbreidd um 15 m. Við enda skurðar





verður steipt yfirfall um 20 m langt. Yfirfallið er nauðsynlegt til að varna því að flæði yfir stífluna.

Veituskurður

Veita á litlum læk sem rennur í Þverá fyrir neðan fyrirhugaða stíflu yfir í uppistöðulónið. Vegna þessa þarf að grafa skurð frá núverandi farvegi lækjarins og yfir í lónið, um 370 m langan og 2 m breiðan.

Botnrás

Botnrás mun fyrst og fremst nýtast á byggingartíma stíflu við veitingu Þverár fram hjá stíflu en einnig til að tæma lónið á rekstartíma og skola út framburði. Neðan við botnrásina verður steiptur veggur sem leiðir vatnið aftur í farveg Þverár neðan við stíflu.

Þrýstipípa

Frá inntaki og niður að stöðvarhúsi verður lögð niðurgrafin þrýstipípa, á bilinu 1,2-1,3 m í þvermál. Áætlað er að lengd þrýstipípunnar verði um 5,5 km. Vegna graftar við lagningu pípunnar er gert ráð fyrir allt að 10-25 m heildarbreidd raskaðs svæðis, að jafnaði, fyrir veg og pípu. Breidd skurðar er breytileg eftir dýpi á fast, breiðari efst meðfram gilinu en mjórri eftir því sem neðar dregur.

Stöðvarhús og frárennisskurður

Stöðvarhúsið verður ofanjarðar, á einni hæð, á vesturbakka Þverár rétt ofan við brú Sunnudalsvegur yfir Þverá. Áætlað er að húsið verði um 170 m² og 12 m hátt frá gólfkóta húss. Undir og frá stöðvarhúsinu liggur um 15 m langur niðurgrafinn og steiptur frárennissstokkur, sem veitir vatninu frá hverflinum og út í frárennisskurð.

Um 3 m breiður og 140 m langur frárennisskurður verður grafinn frá stöðvarhúsinu og út í Þverá ofan við brúna. Frárennisskurðurinn mun marka neðri mörk virkjanasvæðisins.

Tenging við flutningskerfið

Virkjunin verður tengd með 11/33 kV jarðstreng inn á aðveitustöð RARIK á Vopnafirði. Útfærsla og undirbúningur að lagningu strengsins er í höndum RARIK sem rekur dreifikerfið.

Ráðgert er að leggja jarðstrenginn í jörðu um 11 km leið að Vopnafirði. Ekki er búið að ákveða strengleiðina en strengurinn mun að öllum líkindum liggja meðfram Sunnudalsvegi að gatnamótum Sunnudalsvegur og Hlíðarvegur. Þaðan mun strengurinn liggja meðfram Hlíðarvegi að gatnamótum Hlíðarvegur og Hofsárdalsvegur. Frá gatnamótum Hlíðarvegur og Hofsárdalsvegur yrði strengurinn lagður við hlið núverandi strengs RARIK að aðveitustöðinni.

Samkvæmt matsskýrslu Þverárdals ehf. stendur til að strengurinn verði plægður niður þannig að ummerki á yfirborði kom til með að verða sáralítill. Með hliðsjón af sambærilegum framkvæmdum mun RARIK sjá til þess að skoðað verði hvort fornleifar séu á leið jarðstrengsins og senda þær niðurstöður til Minjastofnunar Íslands.

Vegir

Gert er ráð fyrir að leggja aðkomuveg frá Sunnudalsvegi, um 250 m frá brúnni yfir Þverá, í núverandi slóða að þrýstipípu ofan við stöðvarhús og niður að stöðvarhúsi. Sótt verður um heimild Vegagerðarinnar fyrir vegtengingu og endanleg staðsetning ákveðin þannig að sjónlengdir verði sem mestar. Meðfram þrýstipípu verður lagður riflega 5 km langur vegur upp að stíflu og inntaki. Gert er ráð fyrir hefðbundnum





malarvegi með um 4 m breiðri akbraut með útskotum reglulega til að tæki geti mæst á framkvæmdatíma. Heildarbreidd vega verður um 5-6 m að jafnaði með fláum en breidd vegarins getur á stöku stað orðið meiri þar sem gil verða þveruð. Með þrýstipípu er áætluð heildarbreidd raskaðs svæðið að jafnaði um 25 m á kafla meðfram gilinu, samanborið við 10-15 m þegar komið er upp úr því. Engir aðrir vegir eru fyrirhugaðir nema vinnuvegir sem verða fjarlægðir í verklok.

Efnistaka og efnislosun

Til byggingar virkjunar þarf efni í vegi, stíflu og fyllingar með mannvirkjum, allt frá fínefnaríku efni upp í 70 cm grjót. Í matskýrslu kemur fram að gert sé ráð fyrir að heildarefnisþörf verði tæplega 100.000 m³. Þar af færi mest í stíflu, um 32.000 m³, 27.500 m³ í vegi og 19.500 m³ í fylliefni meðfram þrýstipípu.

Framkvæmdaraðili gerir er ráð fyrir að endurnýta efni sem kemur úr uppgreftri innan framkvæmdasvæðisins eins og kostur er. Efni sem er ekki fullnægjandi að gæðum og nýtist ekki þarf að haugsetja. Við haugsetningu verður efninu jafnað yfir svæðin og þau formuð með svipuðum hætti og næsta umhverfi. Efnistöku- og efnislosunarsvæði vorun valin með tilliti til þess að um væri að ræða lítt gróin eða ógróin svæði.

Vegna framkvæmda við Þverárvirkjun er gert ráð fyrir sex efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Um er að ræða tímabundin efnistöku- og efnislosunarsvæði sem nýta á eingöngu vegna framkvæmda við Þverárvirkjun og verður gengið frá þeim að loknum framkvæmdum.

Efnistöku-/efnislosunarsvæði	Efnistaka (m ³)	Haugsetning (m ³)
1 Í árfarvegi Þverár, um 700 m fyrir neðan við brú á Sunnudalsvegi.	30.000	-
2 Malarnáma norðan Sunnudalsvegar í landi Hrapstaða/Háteigs. Er í námuskrá Vegagerðarinnar með fastnr.18510.	80.000	-
3 Í árfarvegi Þverár, ofan við brú á Sunnudalsvegi. Fyrir neðan áætlað stöðvarhús.	20.000	-
4 Efnislosun fyrir ofan áætlað stöðvarhús, meðfram aðkomuvegi að húsinu.	-	20.000
5 Melur á miðri leið þrýstipípu, efnistöku- og efnislosunarsvæði.	30.000	60.000
6 Neðan við fyrirhugaða stíflu og í lónstæði er gert ráð fyrir efnistöku og á bökkum árinna beggja vegna er gert ráð fyrir að setja efni sem ekki nýtist til framkvæmdarinnar.	10.000	20.000

Framangreindar námur eru ekki í aðalskipulagi.




3.2 Helligheiði (eystri)

Eftirfarandi lýsingar byggja á upplýsingum úr greinargerð sem fylgdi tilkynningu Landsnets til Skipulagsstofnunar.

Milli Héraðs og Vopnafjarðar er mikill fjallgarður sem gengur til norðausturs út í sjó. Landið einkennist af bröttum hlíðum bæði Héraðs megin og Vopnafjarðar megin og hlykkjast þjóðvegurinn þar um í kröppum beygjum. Fjöll og dalir fjallgarðsins hafa sín örnefni en þjóðvegurinn er kenndur við Helligheiði og liggur hann hæst í 655 m y.s. Fjallgarðurinn er snjópungur og algengt er að fannir séu í giljum langt fram eftir sumri. Hróstrugt og grýtt landslag er einkennandi uppi á heiðinni en fram á fjallsbrúnunum er útsýni yfir sveitirnar sem fjallgarðurinn klýfur.

Fjallgarðurinn er upp byggður af fjölbreyttum berglögum. Einkennandi eru basískt og ísúrt gosberg og setlög eldri en 11 m. ára. Lagnaleið jarðstrengsins og loftlínan eru í mikilli hæð og á gróðurrýru landi. Mosagróður er að finna við vatnssuppsprettur víða í fjallgarðinum en í hlíðum og dalbotnum er lágvaxinn mólendis- eða mýrargróður.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna votlendi neðst í hlíð Böðvarsdals, sjá mynd 3.2 til skýringar. Votlendið nýtur verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Nákvæmni vistgerðarkortsins miðast við mælikvarða 1:25.000 og því ákveðin vísbending um að þarna er væntanlega að finna votlendi. Vegurinn niður heiðina sker votlendið í sundur og mun strengurinn liggja að stærstum hluta með núverandi eða eldri vegleið, sem er raskað land.



Mynd 3.2 Tillaga að breyttum sveitarfélagsuppdrætti (sjá nánar í kafla 2.2) ásamt votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (sýnt með rauðum flákum ofan á uppdrátt). Byggt á gögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Miðað er við að um 10 m breitt svæði raskist á framkvæmdatíma. Leitast verður eftir að halda strengleiðinni að stærstum hluta meðfram núverandi vegum, það er þegar röskuðu landi. Með réttum vinnuaðferðum ætti að vera hægt að koma í veg fyrir óþarfa röskun á votlendi.

Staurastæðum núverandi loftlínu var valinn staður utan votlendis í flestum tilfellum og slóðar liggja í þurru landi þar sem því hefur verið við komið.





Á Hellisheiði er dýralíf frekar fábreytt og eru það helst spörfuglar og einstaka tófur á ferð sem sækja í æti í björgin. Svæðið telst til veiðisvæða hreindýra en svæðið telst ekki mikilvægt búsvæði þessara dýrategunda. Í hlíðum fjallgarðsins beggja vegna eru beitilönd fyrir sauðfé og eitthvað af því sækir upp á fjallgarðinn. Ein á er á fyrirhugaðri lagnaleið en það er Dalsá í Böðvarsdal.

3.2.1 Landnotkun og verndun

Samkvæmt Aðalskipulagi Vopnafjarðar 2006-2026 fer fyrirhugaður jarðstrengur um land sem skilgreint er óbyggt land annars vegar og landbúnaðarland hins vegar.

Samkvæmt Umhverfisstofnun er svæðið nyrst á skaganum milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa á náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar:

„604. Fagradalsfjöll og Kollumúli, Vopnafjarðarhreppi, Hlíðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. (2) Fagurt fjallendi með dalverpum og litríkri strönd. Athyglisverður gróður.“

Loftlínan liggur skammt utan marka verndarsvæðisins. Engar þekkar fornleifar eru á svæðinu og fornleifaskráning hefur ekki farið fram.

3.2.2 Núverandi loftlína

Vopnafjarðarlína 1 er 66 kV loftlína á trjástaurum sem liggur frá Lagarfossstöð til Vopnafjarðar og er 58,1 km á lengd. Hún var tekin í notkun 1980. Vegir og/eða torfærir slóðar liggja með línunni eða næsta nágrenni og liggja að flestum staurastæðum.

Línan þverar Hellisheiði eystri og fer niður Fagradal, og upp Skinnugil og upp fjallið Búr. Ofan af Hellisheiði eystri þverar línan Böðvarsdal utarlega og liggur svo inn Vopnafjörð og í tengivirki norðan megin við fjörðinn.

Mikil hætta er á bilun línunnar vegna veðurálags og leiðin þar sem hún liggur um Hellisheiði er torfarin á veturna. Línan er eina tenging Vopnafjarðar við meginflutningskerfið. Til að tryggja frekar raforkuflutning til Vopnafjarðar er stefnt á að leggja línuna sem jarðstreng á tæplega 10 km kafla efst á Hellisheiði. Auk þess auðveldar strengleið nær þjóðveginum allt viðhald og eftirlit auk þess sem það bætir öryggi starfsmanna, sem sinna rekstri og viðhaldi línunnar, oft við erfiðar aðstæður. Loftlínan sem jarðstrengurinn leysir af hólmi verður tekin niður.

Loftlínan verður fjarlægð frá sveitarfélagamörkum við Fljótsdalshérað að staurastæðu nr. 247 í Böðvarsdal norðan Hellisheiðar. Endamastur verður þar sem loftlínan og jarðstrengurinn tengjast.

Sá hluti loftlínu, sem tekin verður niður, er um 8,9 km að lengd. Sunnan til á Hellisheiði liggur línan frá vegi (Hlíðarvegi nr. 917), frá stæðu nr. 196 sem er í um 420 m h.y.s. rétt norðan við veginn yfir Hellisheiði á svokallaðri Fönn.

Núverandi loftlínu hefur í flestum tilfellum verið valinn staður utan votlendis og liggur slóð að hverjum staur vegna viðhalds á línunni. Við niðurtöku línu verða þessir slóðar notaðir. Á sumum stöðum eru einungis hjólför í landinu eða troðningar eftir vinnuvélar og í bröttum hlíðum eru skeringar. Engin plön eru við staurastæður. Hægt er að komast með tæki að vel flestum staurum seinnipart sumars og raskast því land lítið frá núverandi ástandi þegar línan verður fjarlægð.



Við niðurtöku á loftlínu eru leiðararnir losaðir og undnir inn á kefli þannig þeir dragist sem minnst eftir jörð. Staurarnir eru dregnir upp með gröfu ef hægt er að koma henni að. Fyllt er upp í holur með efni af staðnum. Þar sem ekki er hægt að koma að gröfu er grafið niður með staurunum og þeir sagaðir sundur undir yfirborði og jafnað yfir. Helst er það í brekkunni niður í Böðvarsdal sem erfitt gæti reynist að koma að gröfu að 5-6 stæðum. Staurar, leiðarar og aðrir hlutar línunnar verður flutt af svæðinu.

Gerð verða endamöstur við báða enda jarðstrengs og þegar jarðstrengur hefur verið lagður milli þeirra verður loftlína tengd inn á möstrin. Settur verður upp tengibúnaður í eða við þessi möstur. Þá fyrst verður hægt að hefja niðurrif loftlínunnar.

Gert er ráð fyrir að frágangur svæðis við möstur núverandi loftlínu verði með þeim hætti að svæðið taki á sig mynd aðliggjandi svæða. Leitast verður við að fylla í holur eftir staura með efni af staðnum og staðargróður látinn um að græða sárin. Á melum og ógrónum svæðum verður land jafnað, sem líkast því sem fyrir er. Leitast verður við að velja árstíma sem ætla má að minnst áhrif verði á gróður.

Gera má ráð fyrir að slóðar verði áfram sýnilegir en samráð verður haft við sveitarstjórn og landeigendur um frágang þeirra t.d. ef krafa verður gerð um að lagfæra slóða. Hugsanlegt er að heimamenn vilji halda slóðum að einhverju leyti t.d. til fjárleita.

3.2.3 Jarðstrengur

Jarðstrengur mun liggja að mestu í þegar röskuðu, lítt grónu landi og sem næst þjóðveginum yfir Hellisheiði.

Sunnan við Hellisheiðina verður línan tekin í jörð við staurastæðu nr. 196 sem stendur í um 420 m h.y.s., rétt norðan við veginn yfir Hellisheiði á svokallaðri Fönn.

Strengurinn mun liggja meðfram vegi í gróinni hlíð og víkja aðeins frá honum eftir stalli í landinu áður en hann þverar veginn sunnan Köldukinnarlækjar. Þaðan liggur svo strengurinn ofan við veg nokkurn spöl og víkur frá veginum þar sem vegurinn sveigir til norðurs í Jökuldal og strengurinn þverar gil og læki. Leiðin liggur upp afliðandi hlíð og nálgast svo veginn aftur eftir skarpa beygju á honum til suðurs aftur og kemur strengleiðin að honum efst á hæðinni. Strengleiðin liggur með veginum til vesturs, þar sem hann fer ofan við Heiðarskarð og er það hæsti hluti leiðarinnar. Þar liggur leiðin sunnan vegar um gróðursnauðan mel þar sem stutt er á klöpp. Strengleiðin þverar veginn tvisvar á stuttum kafla vegna þrengsla, áður en hann fer niður bratta brekku í átt að Böðvarsdal og víkur frá vegi enda er hann hlykkjóttur á þessum kafla en þverar hann þrisvar á stuttum kafla áður en hann nálgast veginn aftur. Í brekkunni er grjótskriða og melur þegar neðar er komið en neðst í brekkunni eru gróðurflákar og lífrænn jarðvegur inn á milli.

Gamall slóði fylgir að mestu svokölluðum Þýfislæk og mun strengleiðin þvera hann þar sem hún kemur svo að veginum aftur, nokkuð austan við Dalsá, og fylgir honum að ánni. Þar liggur strengleiðin í grónu landi að ánni en þverun á Dalsá er hugsuð í brúnni eða undir ána ofan brúar. Vestan Dalsár, norðan við Eyvindarstaði er ákjósanleg leið meðfram gömlum vegi að þeim stað sem strengurinn tengist loftlínunni við stæðu númer 274 undir Vindfellshálsi. Þessi leið er í grónu landi í lífrænum jarðvegi.

Jarðstrengurinn verður 66 kV og er settur saman af þremur einleiðurum, einn fyrir hvern fasa, og hver þeirra um 7-8 cm í þvermál. Strengurinn verður með sömu flutningsgetu og loftlínan sem hann leysir af hólmi.



Við framkvæmdina verður notast við gröfu, fleygvélar og flutningabíla. Grafinn verður ca. 0,8 m breiður skurður fyrir strengina niður á um 1,25 m dýpi. Svarðlagi er haldið til haga þar sem því verður við komið. Við uppfyllingu skurðarins verður settur sandur neðst og umhverfis strenginn sem uppfyllir kröfur Landsnets s.s. varðandi hitaleiðni og strengnum komið fyrir á skurðbotninum. Gengið verður frá yfirborði lands, umframefni jafnað út og strengleiðin merkt á yfirborði.



4 Umhverfismat

Breytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og er umhverfismat aðalskipulagstillögu unnið í samræmi við þau og Skipulagslög nr. 123/2010.

4.1 Matsskylda

Þverárvirkjun

Fyrirhugaðar framkvæmdir vegna Þverárvirkjunar falla undir, 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. Í 1. viðauka laganna, lið 3.22, segir að vatnsorkuver með uppsett rafafli 200 kW eða meira séu tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar (flokkur B). Þverárdalur ehf. ákvað að óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að meta umhverfisáhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar eins og um væri að ræða framkvæmd í flokki A og framkvæmdin færi því í fullt ferli mats á umhverfisáhrifum. Helstu rök framkvæmdaraðila voru eftirfarandi:

- Rannsóknir á lífríki, náttúru og minjum eru af skornum skammti eða ekki fyrir hendi sem kallar á ítarlegar rannsóknir. Með því að vinna fyrst tillögu að matsáætlun geta rannsóknir orðið markvissari og mat á áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið eins vandað og frekast er unnt.
- Hugsanlega eru fleiri en einn möguleiki á virkjunartilhögun sem vert er að kynna opinberlega og lýsa í umhverfismatsferli.
- Vatnsaflsvirkjanir eru oft umdeildar og því mikilvægt að mati framkvæmdaraðila að almenningur hafi aðkomu að ferlinu, hvort heldur er til að kynnast framkvæmdinni og/eða koma athugasemdum á framfæri sem geta hjálpað til við að lágmarka áhrif á umhverfið.

Skipulagsstofnun féllst á þessa málsmeðferð í bréfi dags. 16. maí 2018. Málsmeðferðinni lauk svo með álit Skipulagsstofnunar 22. nóvember 2019.

Vopnafjarðarlína 1

Framkvæmd við niðurtöku loftlínunnar er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar skv. flokki B, sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Í tl. 13.02 segir:

„Allar breytingar eða viðbætur við framkvæmdir samkvæmt flokki A, aðrar en tilgreindar eru í tölulið 13.01, og flokki B sem hafa þegar verið leyfðar, framkvæmdar eða eru í framkvæmd og kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif“.

Jarðstrengslögnin ein og sér fellur ekki undir tilkynningarskylda framkvæmd þar sem strengurinn er undir 10 km og fer ekki um verndarsvæði.

Skipulagsstofnun tók ákvörðun þann 12. desember 2019 um að framkvæmdin væri ekki matsskyld.



4.2 Tengsl við aðrar áætlanir

4.2.1 Landsskipulagsstefna

Samkvæmt 4. mgr. 10 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Eftirfarandi kemur fram í stefnunni og er horft til þess við vinnu á breytingu á aðalskipulagi:

„ 2.5.1 Orkunýting og raforkuflutningur í skipulagsáætlunum

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekin afstaða til möguleika á orkuframleiðslu með vatnsafli, jarðvarma og vindorku í sátt við náttúru og samfélag. Skipulagsáskvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á náttúru og landslag. Við skipulagsáskvarðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. “

„ 3.4.1 Öflugir innviðir

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum. Skipulagsáskvarðanir um raforkuflutningsmannvirki geri kleift að tryggja örugga afhendingu raforku, um leið og tekið er tillit til áhrifa á landslag og aðra landnotkun. “

Breyting vegna Þverárvirkjunar og Vopnafjarðarlínu 1 samræmast landsskipulagsstefnu þar sem markmið þessara breytinga er að tryggja öruggari afhendingu raforku. Skilar það sér í sterkari samkeppnisstöðu atvinnulífs á svæðinu sem og sveitarfélagsins. Við framkvæmdir skal þess gætt að umhverfisáhrif verði sem allra minnst og frágangur falli sem best að núverandi landslagi.

Nálgast má Landsskipulagsstefnu hér:

<https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan>

4.2.2 Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026

Samkvæmt Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er framkvæmdasvæði Þverárvirkjunar skilgreint sem landbúnaðarsvæði (neðan við 300 m y.s.).

Fyrirhuguð línuleið jarðstrengs um Hellisheiði er á landbúnaðarsvæði og óbyggt svæði (ofar 300 m y.s.). Núverandi loftlína fer í jaðar svæðis á náttúruminjaskrá kennt við Fagradalsfjöll og þverar tvær gönguleiðir á leiðinni niður í Böðvarsdal.

Á landbúnaðarlandi sveitarfélagsins eru nokkrar reið- og gönguleiðir og er lögð áhersla á að merkja, kynna og skapa nýja möguleika í útivist og ferðamennsku á svæðinu. Lögð verði áhersla á sjálfbæra þróun lands þ.e.a.s. að markvisst verði fylgst með þoli landsins vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki.



Óbyggð svæði eru opin svæði til almennrar útiveru eða takmarkaðrar umferðar fólks og þar er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð, þ.m.t. skógræktarsvæði önnur en nytjaskógrækt á bújörðum og landgræðslusvæði.

Í kafla 3.2.8 um veitur – almennt veitukerfi segir:

„Mikilvægt er að veitukerfi nýtist íbúum sveitarfélagsins og atvinnustarfsemi á hagkvæman hátt. Næg og örugg raforka verður tryggð fyrir íbúa og atvinnulíf. Vopnafjarðarhreppur er á rafhitunarsvæði þar sem húsnæði er undantekningarlítið hitað upp með rafmagni“.

Áherslur sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps eru m.a. að tryggja raforkuflutning til byggðarlagsins en húsnæði er undantekningarlítið hitað upp með rafmagni þar sem ekki hefur fundist nægilega heitt vatn á svæðinu.

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps má finna hér:

<https://vopnafjardarhreppur.is/stjornsysla/skipulag/gildandi-skipulag>

Breytingar á aðalskipulagi sem hér eru til umfjöllunar eru í samræmi við þessar fyrri áætlanir í aðalskipulagi. Breytingarnar snúa að því að innleiða nýjar hugmyndir og framkvæmdir til samræmis áður en framkvæmdar- og byggingarleyfi eru veitt.

4.2.3 Kerfisáætlun Landsnets

Í gildi er Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028 þar sem er gert ráð fyrir að styrkja flutningskerfi raforku til Vopnafjarðar árið 2021 og er það forsenda fyrirhugaðra framkvæmda.

Endurnýjun Vopnafjarðarlínu 1 er á framkvæmdaáætlun 2020-2022 sem er hluti af Kerfisáætlun Landsnets. Í áætluninni segir:

Verkefnið snýr að endurbótum á Vopnafjarðarlínu 1 sem er hluti af svæðisbundna flutningskerfinu á Austurlandi. Verkefnið gengur út á að breyta línunni, sem er 66 kV háspennulína, er liggur frá tengivirkinu við Lagarfoss að tengivirki rétt við Vopnafjarðarbæ, í þeim tilgangi að auka afhendingaröryggi á Vopnafirði og einnig til að minnka slyshættu við rekstur og viðhald línunnar. Línan er tréstaurlína og er heildarlengd rúmlega 58 km. Hún liggur meðfram Lagarfjótí og Jökulsá Brú í Hróarstungu í átt til sjávar. Línan þverar Hellisheiði eystri og fer niður Skinnugil og upp Búrið, sem er afar torfarið og hættulegt á veturna. Ofan af Hellisheiði eystri liggur línan inn Vopnafjörð og í tengivirkið norðan megin við fjörðinn. Línan var tekin í notkun árið 1980.

Nálgast má framkvæmdaáætlunina hér:

<https://framtidin.landsnet.is/framkvaemdaaetlun-2020-2022/lysing-verkefna-a-arinu-2021/>

Breyting á aðalskipulagi mun leiða til samræmis við kerfisáætlunina.



4.3 Mat á áhrifum

Matsvinna fer fram samhliða vinnu við tillögu á breytingu á aðalskipulagi svo bregðast megi við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum. Leitast verður við að draga úr neikvæðum áhrifum í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og til að stuðla að skipulagstillagan hafi eins jákvæð umhverfisáhrif og kostur er.

Horft er til mögulegra áhrifa breytinganna á þá umhverfispætti sem eru skilgreindir í kaflanum hér á eftir.

Notaðar eru fjórar vægiseinkunnir við matið:

+	Líkur á jákvæðum áhrifum
+/-	Áhrif talin óveruleg
-	Líkur á neikvæðum áhrifum
?	Óvissa um áhrif/áhrif háð útfærslu

Ef líkur eru á neikvæðum áhrifum eru þau skoðuð nánar og metið hvort þau teljist lítil, miðlungs (neikvæð) eða mikil (veruleg og neikvæð) út frá einkennum áhrifa (umfang/stærð) og gildi umhverfispáttar (mikilvægi/viðkvæmni).

Stigskipting áhrifa	Aðgerðir
Áhrif talin neikvæð en lítil	Áhrifin talin neikvæð en lítilsháttar. Ekkert frekar aðhafst.
Áhrif talin neikvæð	Leitað eftir útfærslum til að draga úr áhrifum og/eða mótvægisaðgerðum.
Áhrif talin verulega neikvæð	Áhrif veruleg. Skoða ætti fleiri valkosti sem hafa minni áhrif.

4.4 Umhverfispættir og viðmið

Í matsvinnunni eru skoðuð möguleg áhrif á þá umhverfispætti sem taldir eru upp í töflu 5.1. Horft verður til mögulegra áhrifa sem breytingin mun leiða af sér þ.e.a.s. áhrif vegna þeirra framkvæmda og breytingar á umhverfinu sem telja má líkleg.

Tafla 5.1. Þeir umhverfispættir sem eru skoðaðir við umhverfismat skipulagsáætlunarinnar ásamt matsspurningum.

Umhverfispáttur	Matsspurningar
Loftslag <ul style="list-style-type: none">• Losun GHG• Binding GHG	Mun breytingin leiða til áhrifa á magn gróðurhúsalofttegunda (GHG) í andrúmslofti? Mun breytingin leiða til aukningar í bindingu/draga úr bindingu gróðurhúsalofttegunda (GHG) úr andrúmslofti?



Land <ul style="list-style-type: none">• Landslag• Jarðfræði & jarðmyndanir• Náttúruminjar• Jarðvegur• Ár, lækir og vötn	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslags? Mun breytingin fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar? Mun breytingin leiða til áhrifa á náttúruminjar? Mun breytingin leiða til áhrifa á vatnsmagn og rennsli í ám og vötnum?
Lífriki <ul style="list-style-type: none">• Gróður• Dýralíf• Búsvæði• Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og gróðurfar á yfirborði? Mun breytingin hafa áhrif á dýralíf og búsvæði (s.s. fuglalíf og dýralíf í ám)? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?
Heilsa & öryggi <ul style="list-style-type: none">• Náttúruvá• Slysahætta• Mengun• Óþægindi	Mun breytingin hafa áhrif á náttúruvá, slyshættu eða mengun á svæðinu? Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
Samfélag <ul style="list-style-type: none">• Landnotkun• Efnahagur & atvinnulíf• Þjónusta við íbúa	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin hafa hagræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á veitukerfi og afhendingu rafmagns í sveitarfélaginu? Mun breytingin hafa áhrif á aðgengi að útivistarsvæðum og ósnortinni náttúru?
Fornleifar og minjar <ul style="list-style-type: none">• Menningararfleið	Mun breytingin hafa áhrif á fornleifar eða minjar?

Viðmið eru sett með tilliti til stefnuskjala Vopnafjarðarhrepps ásamt markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Fyrir báðar breytingarnar eru viðmið einkum sótt í:

- Náttúruverndarlög nr. 60/2013
- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
- Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026
- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands



4.5 Áhrifaþættir

4.5.1 Þverárvirkjun

Vegna Þverárvirkjunar verða eftirfarandi áhrifaþættir skoðaðir:

- Mannvirkjagerð og framkvæmdir sem breytingin á aðalskipulagi heimilar:
 - Inntaksmannvirki – stíflur, lón og aðrennslisskurður
 - Þrýstipípa og aðkomuvegur meðfram pípu að stíflu
 - Stöðvarhús og frárennslisskurður
 - Efnistaka og haugsetning
- Rekstur og viðhald virkjunar

4.5.2 Vopnafjarðarlína 1

Vegna Vopnafjarðarlínu 1 verða eftirfarandi áhrifaþættir skoðaðir:

- Framkvæmdir sem breytingin á aðalskipulagi heimilar:
 - Gröftur og lagning jarðstrengs.
 - Efnistaka og flutningar vegna fylliefna.
 - Niðurtaka loftlínu og mastra.

4.6 Valkostir

Fyrst og fremst er fjallað um breytingar á aðalskipulag og áhrif þeirra bornar saman við núllkost eða óbreytt ástand.

Vegna Þverárvirkjunar er bent á umfjöllun um valkosti í matskýrslu framkvæmdaraðila og álitni Skipulagsstofnunar.

Varðandi Vopnafjarðarlínu 1 er bent á að samkvæmt niðurstöðu Skipulagsstofnunar var fyrirhuguð framkvæmd á línunni ekki talin líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Sveitarstjórn metur sem svo að leiðarval Landnets fyrir jarðstreng byggji á því að valda eins litlum umhverfisáhrifum og hægt er.



4.7 Umhverfisáhrif vegna Þverárvirkjunar

Ýtarleg gögn um framkvæmdina og áhrif hennar á umhverfið liggja fyrir í matsskýrslu framkvæmdaraðila og niðurstöðu Skipulagsstofnunar um áhrif framkvæmdarinnar. Umhverfisáhrif tillögu að breytingu á aðalskipulagi, þar sem Þverárvirkjun er bætt við aðalskipulagið, eru metin út frá þeim upplýsingum sem koma fram í matsýrslu ásamt álitinu og metnar út frá sjónarhóli sveitarstjórnar.

4.7.1 Áhrif á loftslag

Loftslag <ul style="list-style-type: none">• Losun GHL• Binding GHL	Mun breytingin leiða til áhrifa á magn gróðurhúsalofttegunda (GHL) í andrúmslofti? Mun breytingin leiða til aukningar í bindingu/draga úr bindingu gróðurhúsalofttegunda (GHL) úr andrúmslofti?
---	--

Rafmagn á Vopnafirði er í dag að mestu fengið frá Lagarfossvirkjun sem er vatnsaflsvirkjun. Einnig er notast við olíuknúna varaafstöð sem er keyrð þegar kemur til skerðinga á raforku inn á svæðið. Til stendur að tengja Þverárvirkjun inn á núverandi raforkuferfi í Vopnafirði sem mun draga úr þörfinni á að nota varaafstöðina. Þannig muni draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þó er óljóst hversu mikið eða til hve langs tíma þau áhrif verða þar sem notkun varaafstöðvarinnar er sveiflukennd. Þá má gera ráð fyrir aukinni eftirspurn eftir rafmagni á Vopnafirði í náninni framtíð, m.a. vegna hugmynda um rafvæðingu í samgöngum sem er mikið til umræðu í dag.

Framkvæmdir munu valda aukinni losun á meðan á þeim stendur, eins og á við um allar framkvæmdir í dag. Aðferðir til að draga frekar úr áhrifum framkvæma á losun GHL eru ekki nægilega þekktar til að hægt sé að setja frekari skilyrði um þau. Einna helst er það takmörkun á bruna jarðefnaeldsneytis á vinnuvélum en þar mætast einnig sjónarmið hagkvæmninnar. Verður því höfðað til almennrar skynsemi hvað það varðar.

Áhrif Þverárvirkjunar á losun GHL eru því líkleg til að vera jákvæð en hve lengi eða hversu mikið er óljóst.

Fyrirhuguð lega þrýstipípu mun fara um votlendi af hluta leiðar. Röskun á votlendi mun að öllum líkindum losa um gróðurhúsalofttegundir sem votlendið hefur bundið í jörðu. Einnig mun skerðing á yfirborði votlendis vegna lagningu vega draga lítillaga úr getu votlendis til að binda kolefni.

Til mótvægis við áhrifin mun framkvæmdaraðili vakta hvort votlendi munu þorna upp eftir framkvæmdir. Ef framkvæmdir hafa leitt til uppþornunar og þar með frekari skerðingar á votlendi og þjónustu þess, mun framkvæmdaraðili sjá til þess að votlendi verður endurheimt á svæði sem er að minnsta kosti jafn stórt svæðunum sem raskast. Leitað verður eftir leiðsögn Umhverfisstofnunar til leiðbeiningar um útfærslur og mælingar.

Áhrif virkjunarinnar og framkvæmda henni tengdar á bindingu gróðurhúsalofttegunda (GHL) eru óljós og háð niðurstöðum vöktunar á röskuðu votlendi sem og mótvægisaðgerðum í kjölfar mælinga.



Niðurstaða

Heilt yfir eru áhrif framkvæmda vegna Þverárvirkjunar á loftslag óljós, en þó líklegri til að verða jákvæð. Rekstur virkjunarinnar er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á loftslag en áhrifin eru háð nokkrum óvissupáttum, svo sem þróun á eftirspurn eftir raforku. Röskun á votlendi vegna framkvæmda er talin hafa neikvæð áhrif á bindingu gróðurhúsalofttegunda en með vöktun er hægt að draga úr áhrifunum en óljóst er hve mikið.

Samantekið eru áhrif breytingarinnar á loftslag metin óljós á þessu stigi.

Umhverfispáttur	Áhrif
Loftslag	?

4.7.2 Áhrif á land

Land	
<ul style="list-style-type: none">• Landslag• Jarðfræði & jarðmyndanir• Ár, lækir og vötn	<p>Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag?</p> <p>Mun breytingin fela í sér áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?</p> <p>Mun breytingin leiða til áhrifa á vatnsmagn og rennsli í ám og vötnum?</p>

Landslag

Svæðið er í dag að mestu leyti ósnortið og helstu áhrif manns á landið eru vegslóðar og troðningar. Þverárgil er merkt gönguleið en gilið er þekkt sem fallett svæði þar sem sjá má litríkt líparít, súrt innskotsberg frá gamalli megineldstöð sem stingur skemmtilega í stúf við annars dökkt basískt umhverfi Smjörfjallanna fyrir ofan gilið. Mannvirki tengd Þverárvirkjun, einkum stöðvarhús, stífla og vegir, munu breyta ásýnd og landslagi á svæðinu.

Breytingin mun leyfa framkvæmdir sem leiða til breytinga á ásýnd lands sem í dag hefur, að lang mestu leyti, ásýnd ósnortins lands. Áhrifin eru líkleg til að vera neikvæð.

Áhrifin nær til svæðis sem telst ekki vera náttúruverndarsvæði, er ekki friðlýst eða á náttúruminjasrá. Þverárgil hefur engu að síður aðdráttarafi þar sem súrt innskotsberg myndar sjónrænt spennandi umhverfi.

Vegur og niðurgrafin þrýstipípa verður í nokkurri fjarlægð frá gilinu og gönguleiðinni. Mannvirkin munu því að öllum líkindum sjást lítið frá því vegna hæðarbreytinga í landslaginu og líklega muni ekki sjást til stíflunnar og lónsins fyrr en komið sé upp fyrir gljúfri. Talið er að fyrirhuguð virkjunarmannvirki munu ekki hafa áhrif á ásýnd til Þverárgljúfers þar sem það er hvað stórbrotnast. Mannvirkin munu lítið sem ekkert sjást frá hóbýlum fólks. Hægt er að draga úr áhrifum stöðvarhús á ásýnd með skilmálum.

Bætt er við skilmálum fyrir gerð deiliskipulags um að draga skuli úr neikvæðum sjónrænum áhrifum stöðvarhússins.

Áhrif breytingarinnar á landslag eru því talin neikvæð en lítil.

Jarðfræði & jarðmyndanir

Breytingin mun leiða af sér að ónefndur foss í Þverárgljúfri mun þorna upp þar sem lækurinn sem rennur í hann verður leiddur í lón virkjunarinnar.



Umhverfi fossins og lækjarfarvegur verða áfram til staðar og því möguleiki á að afturkalla áhrifin með því að hleypa vatni aftur að honum.

Áhrifin á jarðfræði & jarðmyndanir eru því talin neikvæð en lítil.

Ár, lækir og vötn

Breytingin mun leiða af sér að skerðing verður á rennsli í Þverá. Breytingin veður mest að vetrarlagi en yfir sumartímamann er gert ráð fyrir að áin renni á yfirfalli á stíflu.

Áhrif breytingarinnar á ár, lækir og vötn eru metin óveruleg.

Niðurstaða

Áhrif á landslag, jarðfræði og jarðmyndanir eru metin neikvæð en lítil. Áhrif á ár lækir og vötn eru metin óveruleg. Áhrif breytingarinnar á land eru því talin verða neikvæð en lítil.

Umhverfispáttur	Áhrif
Land	-

4.7.3 Áhrif á lífríki

Lífríki	
<ul style="list-style-type: none">GróðurVistgerðirDýralífBúsvæði	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og gróðurfar á yfirborði? Mun breytingin hafa áhrif á dýralíf (s.s. fuglalíf og dýralíf í ám)? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?

Gróður

Svæði sem verða undir vegum eða öðrum mannvirkjum eru ekki þekkt fyrir sjaldgæfar eða friðaðar tegundir.

Að leyfa rekstur virkjunarinnar mun hafa áhrif á rennsli í ánni og þar með áhrif á bakkagróður. Einna helst verður minna rennsli í ánni þegar snjór liggur yfir bökkum. Rof á árbökkum vegna flóða í ánni mun ráðast af náttúrulegum flóðum. Áhrifin eru því metin óveruleg.

Dýralíf og búsvæði

Helsta skerðing á búsvæðum dýra verður lagning vegar sem liggur að stíflu og lóni virkjunarinnar. Vegurinn er hins vegar lítið brot þeirra búsvæða sem fuglar nýta. Ef þörf er á er hægt að takmarka umferð um veginn ef þarf til að tryggja verndun fugla á varptíma.

Einna helst má gera ráð fyrir að umsvif við framkvæmdir valdi fuglum truflunum. Áhrifa mun einna helst gæta á meðan framkvæmdum stendur en með tímanum er gert ráð fyrir að fuglar aðlagist breyttum aðstæðum.

Úttekt á fuglum í Þverárdal var gerð þann 6.júní 2018 á vegum Náttúrustofu Austurlands samkvæmt matsskýrslu framkvæmdaraðila. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar úttektar er a svæðinu að finna tvær tegundir fugla af valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ). Þessar tegundir eru fyll (tegund í hættu) og fálki (tegund í nokkurri hættu).

Til viðbótar voru sjö tegundir af þeim 20 sem voru skrásettar skilgreindar sem ábyrgðar-tegundir. Þessar tegundir eru heiðagæs, sandlóa, heiðlóa, lóupræll,



jaðrakan, spói og stelkur. Auk þessara tegunda er smyrill, sem skilgreindur er í forgangi vegna Bernarsamnings og grágæs sem er á lista NÍ yfir svokallaðar forgangstegundir.

Fuglar sem nýta votlendi sem bú- og varpsvæði verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna skerðinga á þeim. Líkast til verða áhrifin mest á framkvæmdatíma en að honum loknum er líklegt að fuglar muni endurheimta búsvæði sín að miklu leyti.

Til að lágmarka áhrif á fálka eru settir skilmálar fyrir framkvæmdaleyfi að leitað verði leiðsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um líklega staðsetningu fálka og að ákvarðanir varðandi mótvægisaðgerðir verða teknar í samráði við stofnunina.

Á framkvæmdartíma kunna framkvæmdir að raskað ró annara dýra sem halda til eða ferðast um virkjunarsvæðið. Þau áhrif eru tímabundin og ekki talin mikil þar sem búsvæði annarra dýra eru ekki þekkt á virkjunarsvæðinu.

Áhrifin eru því metin neikvæð.

Vistgerðir

Legga þrýstipípu og vegar meðfram henni fer að hluta um votlendi sem njóta verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Umfang áhrifanna er óljóst en útfærsla framkvæmda miðast við að halda raski votlendis í lágmarki auk þess sem verklag miðar við að takmarka framræslu þess.

Settir eru skilmálar um að halda skuli til haga náttúrulegum gróðri og leggja hann að vegi og yfir þrýstipípuna þar sem hún mun liggja í jörðu. Þar sem óvissa er um hvort og þá hversu mikið votlendi mun raskast verður, að framkvæmdum loknum, lagt mat á umfang votlendis sem kann að hafa raskast. Leita skal leiðbeininga Umhverfisstofnunar um mælingu á umfangi rasks.

Ef í ljós kemur að votlendi hafi þornað upp á köflum verður framkvæmdaraðili að stuðla að endurheimt votlendis sem nemur mældri skerðingu

Áhrif breytingarinnar á vistgerði eru líkleg til að verða neikvæð. Með mótvægisaðgerðum má draga úr áhrifum sem verða áfram metin neikvæð.

Niðurstaða

Breytingin mun hafa neikvæð áhrif á vistgerðir vegna rasks á votlendi jafnvel með mótvægisaðgerðum sem þó draga úr áhrifum. Skilyrði verða sett fyrir framkvæmdarleyfi um að vakta skuli væntanleg áhrif á votlendi að loknum framkvæmdum.

Áhrif á gróður og gróðurfar er metin neikvæð en lítil. Áhrif á fugla er talin verða neikvæð en lítil með skilmálum um ráðstafanir sem eiga að draga úr áhrifum.

Með mótvægisaðgerðum má draga úr áhrifum sem verða áfram nokkuð neikvæð.

Umhverfispáttur	Áhrif
Lífriki	-



4.7.4 Áhrif á heilsu og öryggi

Heilsa & öryggi <ul style="list-style-type: none">Óþægindi	Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
---	---

Óþægindi

Fyrirséð er að á framkvæmdatíma getur umferð vinnuvéla um Sunnudalsveg og síðar lagning jarðstrengs frá Þverárvirkjun og að tengivirki, tafið umferð á Sunnudalsvegi. Þær tafir eru verða mjög staðbundnar og eingöngu bundnar við framkvæmdatíma auk þess að ekki er talin þörf á að loka veginum.

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á óþægindi.

Niðurstaða

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi. Áhrifa gætir eingöngu á framkvæmdartíma.

Umhverfispáttur	Áhrif
Heilsa og öryggi	+/-

4.7.5 Áhrif á samfélag

Samfélag <ul style="list-style-type: none">LandnotkunEfnahagur & atvinnulífLífsgæði íbúa	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin hafa hagræn áhrif? Mun breytingin hafa áhrif á veitukerfi og afhendingu rafmagns í sveitarfélaginu? Mun breytingin hafa áhrif á aðgengi að útivistarsvæðum og ósnortinni náttúru?
---	---

Landnotkun

Breytingin kallar á breytta landnotkun þar sem iðnaðarsvæði kemur á svæði sem er í dag skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Breytingin skerðir þó ekki nýtingarmöguleika jarðeigenda þar sem tún eða ræktarsvæði skerðast ekki. Áhrifin eru því metin óveruleg.

Efnahagur & atvinnulíf

Breytingin mun leiða til aukins framboðs á raforku sem eykur möguleika á frekari atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Þá verða skammvinn jákvæð áhrif á framkvæmdartíma þar sem tímabundin aukning verður í atvinnu. Áhrifin eru því metin jákvæð á efnahag og atvinnulíf.

Lífsgæði íbúa

Einn tilgangur breytingarinnar er að leyfa virkjun sem framleiðir raforku með nýtingu orkunnar í heimabyggð að leiðarljósi. Tilkoma Þverárvirkjunar mun auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu þar sem fæðing inn á svæðið yrði möguleg eftir tveimur leiðum.

Veglagning fyrir virkjunina og tilvist mannvirkja vegna hennar munu að vissu leyti skerða ásýnd og upplifun af ósnortinni náttúru í og við Þverárgljúfur. Til að draga úr áhrifum á upplifun við merka gönguleið verður sett krafa fyrir gerð deiliskipulags að þrýstipípa og vegur upp með gili verði staðsett sem fjærst gilinu og kostur er. Áhrifin eru metin takmörkuð og lítil.



Áhrif breytingarinnar á lífsgæði íbúa eru metin jákvæð.

Niðurstaða

Áhrif breytingarinnar á samfélag eru metin jákvæð þar sem þau leiða til aukins framboðs raforku á svæðinu, eykur afhendingaröryggi auk þess að skapa aukin atvinnutækifæri, tímabundið.

Umhverfispáttur	Áhrif
Samfélag	+

4.7.6 Áhrif á fornleifar og minjar

Fornleifar og minjar	Mun breytingin hafa áhrif á fornleifar og minjar?
----------------------	---

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda voru fornleifar skráðar af fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga sumarið 2018. Voru skráðar minjar utan fyrirhugað vinnusvæði. Tvær heytóftir, merktar 1958-27 og 1958-28, eru innan við 100 m frá vinnusvæði og eru því í hættu að verða fyrir raski.

Auðvelt er að koma í veg fyrir rask að vangá með því að merkja staðsetningu þeirra og gera grein fyrir þeim við verktaka.

Niðurstaða

Áhrif breytingarinnar á fornleifar og minjar eru talin óveruleg svo fremur sem skráðar fornleifar innan við 100 m frá vinnusvæðinu verða merktar.

Komi áður óþekktar minjar í ljós skal stöðva framkvæmd án tafar og tilkynna Minjastofnun Íslands. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Umhverfispáttur	Áhrif
Fornleifar og minjar	+/-

4.7.7 Samantekt áhrifa og niðurstaða

Heilt yfir eru áhrif framkvæmda vegna Þverárvirkjunar á loftslag óljós, en þó líklegri til að vera jákvæð. Rekstur virkjunarinnar er líklegur til að hafa jákvæð áhrif á loftslag en áhrifin eru háð nokkrum óvissuþáttum, svo sem þróun á eftirspurn eftir raforku. Samantekið eru áhrif breytingarinnar á loftslag metin óljós. Setja þarf skilmála til að sporna við neikvæðum áhrifum á votlendi og þar með eiginleika þess til að binda kolefni.

Áhrif breytingarinnar á land eru talin verða neikvæð en lítil þar sem áhrif á ásynd lands eru metin neikvæð en lítil. Dregið verður úr áhrifunum með mótvægisáðgerðum.

Breytingin mun hafa neikvæð áhrif á vistgerðir vegna rasks á votlendi jafnvel með mótvægisáðgerðum sem þó draga úr áhrifum. Niðurstöður vöktunar munu leiða frekar í ljós umfang áhrifanna. Áhrif á gróður og gróðurfur er metin neikvæð en lítil. Með mótvægisáðgerðum má draga úr áhrifum sem verða áfram nokkuð neikvæð.

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á heilsu og öryggi vegna óþæginda. Áhrifa gætir eingöngu á framkvæmdartíma.



Áhrif breytingarinnar á samfélag eru metin jákvæð þar sem þau leiða til aukins framboðs raforku á svæðinu, eykur afhendingaröryggi auk þess að skapa aukin atvinnutækifæri.

Áhrif breytingarinnar á fornleifar og minjar eru talin óveruleg svo fremur sem skráðar fornleifar innan við 100 m frá vinnusvæðinu verða merktar.

Tafla 4.2 Samantekt umhverfismats vegna þverárvirkjunar.

Umhverfispáttur	Áhrif
Loftslag	?
Land	-
Lífriki	-
Heilsa og öryggi	+/-
Samfélag	+
Fornleifar og minjar	+/-

Ljóst er að breytingin mun hafa neikvæð áhrif land og lífríki á svæðinu. Áhrifin eru staðbundin og settir eru skilmálar með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum. Sjá skilmála í kafla 2.1.2.

Ekki er talin þörf á frekari mótvægisaðgerðum.



4.8 Umhverfisáhrif vegna Vopnafjarðarlínu 1

Upplýsingar og gögn um framkvæmdina og áhrif hennar liggur fyrir í greinargerð sem fylgdi tilkynningu Landsnets til Skipulagsstofnunar um ákvörðun um matsskyldu.

Umvhverfisáhrif tillögu að breytingu á aðalskipulagi þar sem legu Vopnafjarðarlínu 1 er breytt eru metin út frá þeim upplýsingum sem koma þar fram. Umfjöllun og niðurstaða umhverfismatsins hér eru byggðar út frá þessum upplýsingum og metnar út frá sjónarhóli sveitarstjórnar.

4.8.1 Áhrif á loftslag

Loftslag	Mun breytingin leiða til áhrifa á magn gróðurhúsalofttegunda (GHL) í andrúmslofti?
• Losun GHL	
• Binding GHL	Mun breytingin leiða til aukningar í bindingu/draga úr bindingu gróðurhúsalofttegunda (GHL) úr andrúmslofti?

Gera má ráð fyrir aukinni losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) ef grafinn er skurður um lítt raskað votlendi.

Nýr jarðstrengur myndi að mestu liggja í þegar röskuðu, lítt grónu landi í námunda við veginn yfir Hellisheiði. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna lítt raskað votlendi neðst í hlíð Böðvarsdals. Nákvæmni vistgerðarkortsins miðast við mælikvarða 1:25.000 og því ákveðin vísbending um að þarna er væntanlega að finna votlendi. Vert er að hafa í huga að strengleið liggur að stærstum hluta með núverandi eða eldri vegleið, sem er raskað land. Með réttum vinnuaðferðum má draga úr óþarf raski á votlendi.

Ekki er talið að votlendi raskist við niðurtöku loftlínu og mastra enda er það svæði raskað. Slóðar eru nú þegar víðast hvar meðfram línunni sem notaðir voru við uppsetningu og viðhald.

Gera má ráð að vegna þessara framkvæmda þarf að notast við vinnuvélar og tækni sem brenna jarðefnaeldsneyti og losa þar með gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Sé horft til þess að ekki verði farið í þessar framkvæmdir má búast við aukinni þörf á viðhaldi í náinni framtíð með tilheyrandi notkun vinnuvéla og tækja. Því er gert ráð fyrir að áhrif af notkun vinnuvéla og tækja vegna framkvæmda sé óveruleg.

Samantekt

Áhrif vegna framkvæmda við lagningu jarðstrengs og niðurtöku loftlínu eru talin vera óveruleg á loftslag.

Umvhverfisþáttur	Áhrif
Loftslag	+/-

4.8.2 Áhrif á land

Land	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag?
• Landslag	

Niðurtaka loftlínu bætir ásýnd lands sem er mikið til óbyggt og lítt snortið. Áhrifin eru því metin jákvæð.



Niðurstaða

Áhrif breytingarinnar á land er metin jákvæð vegna niðurtöku loftlínu.

Umhverfispáttur	Áhrif
Land	+

4.8.3 Áhrif á lífríki

Lífríki	
<ul style="list-style-type: none">• Gróður• Dýralíf• Búsvæði• Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og gróðurfar? Mun breytingin hafa áhrif á dýralíf og búsvæði (s.s. fuglalíf og dýralíf í ám)? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?

Gróður

Helstu umhverfisáhrif af lagningu jarðstrengs felast í raski á gróðurpekju. Vistgerðir, metnar með mjög hátt og hátt verndargildi eru í strenglegu. Framkvæmdum verður hagað þannig að farið er að mestu eftir þegar röskuðu svæði og því ekki talið að gróðri verði raskað umfram það sem þegar hefur verið gert. Lagnaleið jarðstrengsins verður m.a. að mestu leyti innan núverandi veghelgunarsvæðis þjóðveggar yfir Hellisheiði og á lítið grónu landi er ekki talið að rask á gróðurlendi verði umfangsmikið og innan ákveðins tíma verður rask að mestu leyti lítt sýnilegt á yfirborði.

Helstu neikvæðu áhrif niðurtöku línu eru rask á gróðurpekju við staura og á slóða meðfram línu auk samantekt línunnar. Umfang vegna þessa er talið lítið, tímabundið og mjög staðbundið.

Áhrifin breytingarinnar á gróður eru því metin óveruleg.

Dýralíf og búsvæði

Niðurtaka loftlínu er talin draga úr áflogi fugla og breytingin því talin hafa jákvæði áhrif á dýralíf og búsvæði.

Vistgerðir

Lega jarðstrengs er að mestu í þegar röskuðu, lítt grónu landi í námunda við veginn yfir Hellisheiði. Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands má finna lítt raskað votlendi neðst í hlíð Böðvarsdals. Nákvæmni vistgerðarkortsins miðast við mælikvarða 1:25.000 og því ákveðin vísbinding um að þarna er væntanlega að finna votlendi. Vert er að hafa í huga að strengleið liggur að stærstum hluta með núverandi eða eldri vegleið, sem er raskað land.

Með réttum vinnuaðferðum ætti að vera hægt að koma í veg fyrir óþarfa röskun á þeim vistgerðum sem hafa hátt verndargildi. Auk þessa verða ummerki um lagningu strengsins ekki til langframa. Ekki er um að ræða framkvæmd á svæði sem fellur undir verndarákvæði.

Ekki er talið að votlendi raskist við niðurtöku loftlínu og mastra enda er það svæði þegar raskað. Slóðar eru nú þegar víðast hvar með línunni eða aðrar leiðir sem nýttar voru við gerð og vegna viðhalds línunnar.

Áhrifin á vistgerðir eru því metin óveruleg.



Niðurstaða

Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á lífríki þar sem áhrif á gróður og vistgerðir eru taldar óverulegar en áhrif á fuglalíf talin verða jákvæð.

Umhverfispáttur	Áhrif
Lífríki	+/-

4.8.4 Áhrif á heilsu og öryggi

Heilsa & öryggi <ul style="list-style-type: none">NáttúruváSlysaættaÓþægindi	Mun breytingin hafa áhrif á náttúruvá eða slysaættu á svæðinu? Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
---	---

Náttúruvá og slysaætta

Áhrif af náttúruvá verða minni þar sem snjóflóð og veðráttu hafa töluvert minni áhrif á flutningsgetu jarðstrengs en loftlínu yfir Hellisheiði. Þá er breytingin talin leiða til minni slysaættu þar sem minni líkur eru á að sinna þurfi viðhaldi á jarðstrengi við erfiðar aðstæður heldur en loftlínu.

Óþægindi

Á meðan framkvæmdir standa yfir má telja líklegt að tafir verða á umferð um Hellisheiði Eystri. Þær tafir verða mjög staðbundnar og afmarkaðar við framkvæmdatíma. Dregið hefur úr umferð um heiðina eftir að aðal aðkoma í Vopnafjörð var færð um nýjan Norðausturveg árið 2013. Áhrifin eru meti óveruleg ef nokkur.

Niðurstaða

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á heilsu og öryggi þar sem lagning jarðstrengs í stað loftlínu mun draga úr áhrifum af náttúruvá og draga úr slysaættu þar sem minni líkur eru á að sinna þurfi viðhaldi jarðstrengs við erfiðar aðstæður.

Umhverfispáttur	Áhrif
Heilsa & öryggi	+

4.8.5 Áhrif á samfélag

Samfélag <ul style="list-style-type: none">Lífsgæði íbúa	Mun breytingin hafa áhrif á veitukerfi og afhendingu rafmagns í sveitarfélaginu? Mun breytingin hafa áhrif á aðgengi að útivistarsvæðum og ósnortinni náttúru?
---	---

Lífsgæði íbúa

Breytingin mun draga úr viðhaldsþörf rafmagnsveitukerfisins, auka þannig afhendingaröryggi rafmagns í sveitarfélaginu og bæta þar með lífsgæði íbúa.

Sjónræn áhrif af niðurtöku loftlínu á svæði sem hefur að miklu leyti ásýnd lítt snortinnar náttúru munu auka útivistargildi svæðisins.

Niðurstaða

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún er talin auka lífsgæði íbúa.



Umhverfispáttur	Áhrif
Samfélag	+

4.8.6 Áhrif á fornleifar og minjar

Fornleifar og minjar	Mun breytingin hafa áhrif á fornminjar?
----------------------	---

Fornleifar hafa ekki verið skráðar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Í umsögn Minjastofnunar Íslands við skipulags- og matslýsingu fyrir þessa breytingu á aðalskipulagi, kemur fram að stofnunin telur ekki þörf á að skrá fornleifar sérstaklega. Stofnunin metur litlar líkur séu á fornleifum á leiðinni frá Fönn og norður yfir heiðina að Dalsá. Í landi Eyvindarstaða eru nær örugglega fornleifar þó þær hafi ekki verið skráðar.

Minjastofnun Íslands taldi ekki þörf á að skrá fornleifar sérstaklega en að framkvæmdin verði unnin í samráði við minjavörð Austurlands þannig að hægt yrði skoða svæðið áður en framkvæmdir hefjast. Af því gefnu skilyrði taldi stofnunin að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Settir verður inn skilmálar fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis að áður en framkvæmdir hefjast í landi Eyvindarstaða verði haft samráð við minjavörð Austurlands þannig að hægt verði að skoða svæðið áður en framkvæmdir hefjast.

Áhrif breytingarinnar á fornleifar og minjar eru óljós þar sem fornleifar hafa ekki verið skráðar á svæðinu. Taldar eru litlar líkur á fornleifum á strengsleiðinni en til öryggis eru sett skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis. Framkvæmdir skulu unnar í samráði við minjavörð Austurlands þannig að hægt yrði skoða svæðið áður en framkvæmdir hefjast. Komi áður óþekktar minjar í ljós skal stöðva framkvæmd án tafar og tilkynna Minjastofnun Íslands. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Umhverfispáttur	Áhrif
Fornleifar og minjar	?



4.8.7 Samantekt áhrifa og niðurstaða

Áhrif breytingar á aðalskipulagi sem heimilir framkvæmdir við lagningu jarðstrengs og niðurtöku loftlínu eru talin vera óveruleg á loftslag. Áhrif á land er metin jákvæð þar sem staurar og loftlína verða tekin niður í landi sem hefur ásýnd lítt snortins lands.

Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á heilsu og öryggi þar sem lagning jarðstrengs í stað loftlínu mun draga úr áhrifum af náttúruvá og draga úr slyshættu þar sem minni líkur eru á að sinna þurfi viðhaldi jarðstrengs við erfiðar aðstæður. Áhrifin á samfélag eru metin jákvæð þar sem breytingin er talin auka lífsgæði íbúa.

Áhrif breytingarinnar á fornleifar og minjar eru metin óljós þar sem fornleifar hafa ekki verið skráðar á svæðinu. Taldar eru litlar líkur á fornleifum á strengsleiðinni en til öryggis eru sett skilyrði fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis.

Tafla 4.3 Samantekt umhverfismats vegna breytinga á Vopnafjarðarlínu 1.

Umhverfisþáttur	Áhrif
Loftslag	+/-
Land	+
Lífríki	+/-
Heilsa og öryggi	+
Samfélag	+
Fornleifar og minjar	?

Heildarniðurstaða er sú að áhrif breytingarinnar kalla ekki á frekari mótvægisaðgerðir en settir eru í skilmála.



5 Málsmeðferð – hvenær getur þú komið að málum?

Málsmeðferð verður í samræmi við 30. - 32. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Vegna Þverárvirkjunar:

Umsagnaraðilar hafa áður fjallað um Þverárvirkjun í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og skilað inn umsögnum. Sjá nánar um þá málsmeðferð má lesa í álitni Skipulagsstofnunar sem finna má hér: <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsskylduakvardanir-flokkur-b/nr/995>

Vegna Vopnafjarðarlínu 1:

Umsagnaraðilar hafa áður fjallað um Vopnafjarðarlínu þegar Landsnet sendi tilkynningu til Skipulagsstofnunar og óskað var eftir umsögnum.

Sjá nánar í ákvörðun Skipulagsstofnunar sem finna má hér:

<https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/matsskylduakvardanir-flokkur-b/>

5.1 Kynning lýsingar og samantekt umsagna við hana

Skipulags- og matslýsing var send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum til umsagnar. Skipulags- og byggingarfulltrúi birti frétt á vef Vopnafjarðarhreppar, www.vopnafjarðarhreppur.is, þann 13. mars 2020. Þar var lýsingin aðgengileg rafrænt sem og hún varð gerð aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins á kynningartíma. Óskað eftir skriflegum ábendingum og athugasemdum fyrir lok dags 6. apríl.

Skipulags- og matslýsing var send eftirfarandi umsagnaraðilum: Fljótshéraði, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), Minjastofnun Íslands, Náttúrustofnun Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands og Vegagerðarinnar.

Umsagnir án athugasemda bárust frá Fljótshéraði, Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), Norðurþingi og Vegagerðinni.

Minjastofnun Íslands minnti á að þegar tillaga að deiliskipulagi fyrir virkjunarsvæði Þverárvirkjunar verði unnin þarf að færa staðsetningu og útlínur fornleifa inn á uppdrátt og fjalla um fornleifar og áhrif skipulagsins á þær í greinargerð/ umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar.

Varðandi lagningu Vopnafjarðarlínu 1 í jörð, telur stofnunin litlar líkur séu að fornleifar fyndist á svæðinu frá Fönn og norður yfir heiðina að Dalsá. Fornleifar væru hins vegar örugglega í landi Eyvindarstaða þó þær hafi ekki verið skráðar. Nýr jarðstrengur eigi að liggja meðfram gömlu vegi í gegnum land Eyvindarstaða að stað þar sem strengurinn tengist loftlínunni. Verði jarðstrengurinn lagður í veghelgunarsvæði gamals vegar í landi Eyvindarstaða ætti að vera hægt að komast hjá raski á fornleifum. Minjastofnun telur ekki þörf á að fornleifar á línuleið yrðu skráðar sérstaklega. Engu að síður er mikilvægt að verkið yrði unnið í samráði við minjavörð Austurlands þannig að hægt yrði að skoða svæðið áður en framkvæmdir hæfust.



Að lokum minnir stofnunin á 21. gr. og 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerði ekki athugasemd við lýsinguna en lagði áherslu á að við frekari vinnslu á skipulaginu og við framkvæmdir verði farið að þeim mótvægisáðgerðum sem komið hafa fram í málinu og alltaf sé leitað leiða til að valda sem minnstu raski á náttúru þeirra svæða sem um ræðir.

Skipulagsstofnun vildi áréttta þau atriði sem fram koma í niðurstöðu álits um mat á umhverfisáhrifum Þverárvirkjunar, þ.e. að forðast beri rask á votlendissvæðum sem njóti verndar. Við mótun deiliskipulagstillögu er því tilefni til að skoða aðra valkosti fyrir legu þrýstipípu og vegar í samráði við Umhverfisstofnun og framkvæmdaraðila.

Í áliti stofnunarinnar kemur einni fram mat hennar að mikilvægt sé að allar ákvarðanir um tilhögun framkvæmda verði teknar í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands m.t.t. staðsetninga fálka. Í því samhengi sé æskilegt að skoða hvaða skipulagsskilmála er ástæða að setja fyrir deiliskipulag til grundvallar framkvæmdaleyfis hvað varðar að lágmarka áhrif af framkvæmdum á fálka sem eru á svæðinu.

Í umsögn **Umhverfisstofnunar** er bent á að þar sem framkvæmdir vegna Þverárvirkjunar gera ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á öröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki. Mikilvægt sé að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er og að fjarlægð fyrirhugaðs vegar frá gljúfrinu verði sem mest. Bendir stofnunin á að í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falli að umhverfi sínu. Að auki segir í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd: „Við hönnun vega, virkjana, verksmíða og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands eru innan skipulagssvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist og língresis- og vingulsvist sem eru með mjög hátt og hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að m.a. lóuþræll og spói, sem eru ábyrgðartegundir Íslands, nýti slíka vistgerð til varps. Telur stofnunin mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum á ofangreindar vistgerðir og búsvæði fuglanna.

Við lagningu jarðstrengs frá virkjuninni, á vegum RARIK, er mikilvægt að frágangur plægingar sé góður sérstaklega þar sem um er að ræða plæging í gróið mólendi þar sem ummerkja slíkra framkvæmda gætir oft í nokkur ár á eftir.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Stofnunin bendir einnig á að innan skipulagssvæðisins er votlendi sem fellur undir a.





lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Votlendið er bæði á virkjunarsvæðinu og á línuleið jarðstrengs. Auk þess kemur fram í greinargerð að ónefndur foss sé 300 m neðan við stífluna mun hverfa. Umhverfisstofnun bendir á að fossar falla undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið og fossinn í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Stofnunin bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun þeirra þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna, sem í húfi eru, og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun bendir á að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Lögnum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Fyrirhugað áhrifsvæði framkvæmdar, sem hér um ræðir, er straumvatnið Þverá en það hefur vatnshlotsnúmerið 102-1312-R undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðapætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum. Umhverfisstofnun bendir á að virkjanir flokkast sem vatnsformfræðileg breyting á vatnshloti og getur valdið álagi á lífríki.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að nýta efni úr tveimur námum í farvegi Þverár. Samkvæmt markmiðum reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Vistfræðilegt ástand byggir á líffræðilegum, vatnsformfræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum. Ef vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum reglugerðarinnar þarf að fara í aðgerðir til að gott ástand náist.

Umhverfisstofnun bendir á að efnistaka í ám telst til vatnsformfræðilegra breytinga og geta þær breytingar haft áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti.



Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar námur falli vel að umhverfinu eins og kostur er, hugað sé að ásýnd námusvæðanna og fjallað sé um frágang þeirra í breytingartillögunni. Þessu tengt bendir Umhverfisstofnun á vefsíðuna <http://www.namur.is> þar sem finna má upplýsingar um frágang efnistökusvæða. Öll efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi, sbr. reglugerð 772/2012.

Athugasemdir voru hafðar til hliðsjónar við mótun skilmála í tillögu.

5.2 Kynning tillögu í vinnslu og samantekt athugasemda

Tillaga í vinnslu var kynnt í samræmi við 2. mgr. 30 gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Vinnslutillaga deiliskipulags Þverárvirkjunar var kynnt samhliða. Tillagan var send umsagnaraðilum ásamt aðliggjandi sveitarfélögum.

Tillögur í vinnslu fyrir breytingu á aðalskipulagi ásamt deiliskipulagi voru aðgengilegar á heimasíðu Vopnafjarðarhrepps og auglýstar þar frá 16. júní með frest til að skila inn athugasemdum til 3. júlí.

Þann 24. júní kl. 16:30 – 18:00 var haldið opinn kynningarfundur á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem kynntar voru breytingartillaga á aðalskipulagi (drög að þessari tillögu) ásamt tillögu að deiliskipulagi fyrir Þverárvirkjun. Fulltrúi Yrki arkitekta kynnti breytingartillögu á aðalskipulagi en fulltrúar Mannvits kynntu tillögu í vinnslu fyrir deiliskipulags Þverárvirkjunar. Kynningar fóru fram með fjarfundarbúnaði þar sem skipulags- og byggingarfulltrúi var á staðnum ásamt sveitarstjóra og formanni skipulagsnefndar. Athugasemdir sem komu fram á kynningarfundum sneru að ósamræmi breytingartillögu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu Þverárvirkjunar.

Tillögurnar voru einnig sendar Ferðamálastofu, Fiskistofu, Fljótaldalshéraði, Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), Langanesbyggð, Minjastofnun Íslands (minjaverði Austurlands), Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Orkustofnun, Svalbarðshreppi, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vegagerðinni til umsagnar.

Í umsögn **Vegagerðarinnar** kom fram ábending um að vísa í vegalög nr. 80/2007 og reglur stofnunarinnar um vinnu innan veghelgunarsvæða.

HAUST gerði ekki athugasemd vegna breytinga á aðalskipulagi en varðandi deiliskipulag Þverárvirkjunar bendir stofnunin á að sækja þarf um starfsleyfi til hennar vegna starfsmannabúða, mötuneytis og neysluvatns fyrir starfsmannabúðir.

Fiskistofa tók frama að stofan fellst á að Þverárdalur ehf. byggi virkjun í Þverárdal í samræmi við umsókn. Tekið var fram að gæta verði þess á framkvæmdartíma eins og kostur er, að valda ekki gruggi sem borist getur niður ána. Einnig kom fram að ef framkvæmdir eru á veiðitíma í Hofsá verði fyrirkomulag og verkþættir sérstaklega kynntir fyrir Veiðifélagi Hofsá og Sunnudalsá og þeim hagað þannig að þau hafi sem minnst áhrif á veiðimenn. Ganga skal snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum.

Náttúrufræðistofnun segir í umsögn sinni að í tillögunum (breytingar á aðalskipulagi og deiliskipulag Þverárvirkjunar) er brugðist við þeim athugasemdum sem stofnunin hafi komið á framfæri á fyrri stigum mála, þ.e. í mati á umhverfisáhrifum Þverárvirkjunar og



matsskyldufyrirspurnar vegna Vopnafjarðarlínu 1. Brugðist er við þeim athugasemdum með setningu skilmála og viðeigandi mótvægisaðgerðum.

Í umsögn **Umhverfisstofnunar** bendir stofnun á að strengleiðin Vopnafjarðarlínu 1 mun fara um votlendi sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að hluta. Stofnunin tekur undir þau markmið að til að halda raski í lágmarki verði strengur lagður í slóða og veghelgunarsvæði. Einnig sé að finna votlendi sem njóti sömu verndar á leið þrýstipípu Þverárvirkjunar. Þá falla fossar einnig undir lagagreinina en til stendur að þurrka upp læk sem rennur út í Þverá og þar með foss í læknum.

Stofnunin bendir á að í sömu grein laga um náttúruvernd segir að forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 61. gr. náttúruverndarlaga nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruumhverfisins sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverndarmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Varðandi mótvægisaðgerðir vegna röskun á votlendi bendir Umhverfisstofnun á að þurrk áhrif framkvæmda geta komið fram á löngum tíma og ef leyfisveitandi mun binda framkvæmdaleyfi skilyrðum um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir og vöktun til að draga úr áhrifum á votlendið er mikilvægt að taka tillit til þess.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að framkvæmdir séu fyrir utan varptíma eins og kostur er, en í 4. mgr. 17. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að sérstök aðgát skuli höfð í nánd við varplönd fugla.

Varðandi niðurtöku hluta af loftlínu Vopnafjarðarlínu 1 bendir Umhverfisstofnun á að á Hellisheiði eystri má sjá verulegt rask eftir vegslóða sem lagðir hafa verið að staurastæðum, sérstaklega í Skinnagili og í fjallinu Búri. Stofnunin telur að frágangur



linustæðisins felist í því að freista þess að afmá þessar slóðir þegar staurar og leiðarar hafa veið fjarlægðir.

Stofnunin ítrekaði fyrri umsagnir um innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Lögunum er ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaværing vatnsauðlindarinnar. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi.

Minjastofnun Ísland minnti á fyrri umsagnir sínar varðandi Þverárvirkjun, m.a. vegna mat á umhverfisáhrifum virkjunar í Þverá. Þar kom fram að stofnunin taldi að gera þyrfti verktökum grein fyrir staðsetningu tófta austan við áætlaða legu þrýstipípu til að koma í veg fyrir rask af vangá.

Stofnunin bendir á ósamræmi við tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi. Fleiri námur séu inni á deiliskipulagsupprætti en eru í breytingartillögu á aðalskipulagi. Taka þarf út efnistökusvæði neðan við Þvera út á vettvangi til að kanna hvort fornleifar kunni að vera hættu þar.

Minjastofnun vekur aftur athygli á því að nauðsyn þess að upplýsingar um fornleifar liggja fyrir áður en ráðist verði í tengingu Þverárvirkjunar við flutningskerfi RARIK. Stofnuninni þurfi að berast gögn með góðum fyrirvara svo hún geti tekið afstöðu til strengleiðar og hvort grípa þurfi til mótvægisáðgerða.

Varðandi Vopnafjarðarlínu 1, bendir stofnunin á að leita þurfi umsagnar til hennar vegna útgáfu framkvæmdarleyfis og þarf stofnuninni að berast hnitsett gögn framkvæmdarinnar til að hægt sé að meta hvort fornleifa kunni að vera í hættu. Gögnin þurfa að berast með góðum fyrirvara.

Þá minni stofnunin á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Aðrir skiluðu ekki inn umsögnum eða gerður ekki athugasemdir til tillögurnar.




5.2.1 Breytingar eftir kynningu á tillögu í vinnslu

Vegna framgreindra athugasemda og umræðu á kynningarfundum vinnslutillögu voru gerðar eftirfarandi breytingar á tillögu:

- Vegna Þverárvirkjunar:
 - Breytt framsetning iðnaðarsvæðis I-5 á uppdrætti svo að merking þess sjáist betur. Lagfærð framsetning á efnistöku- og efnislosunarsvæðum.
 - Bætt við efnistöku- efnislosunarsvæðum í samræmi við fyrirætlanir framkvæmdaaðila. Tekið frama að um sé að ræða svæði sem aðeins verði notuð vegna framkvæmda við Þverárvirkjun.
 - Skerpt á skilmálum varðandi framkvæmdir í votlendi.
 - Bætt við skilmálum um samstarf og samtal við veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár á framkvæmdartíma.
 - Bætt við skýringarmynd og nánari umfjöllun um votlendi í kafla 3.1.
- Vegna Vopnafjarðarlínu 1:
 - Bætt við skýringarmynd og nánari umfjöllun um votlendi í kafla 3.2.
- Vegna lagningu strengja í jörð (snertir bæði framkvæmdir vegna Vopnafjarðarlínu 1 og Þverárvirkjun):
 - Bætt við vísan í leyfi fyrir framkvæmdir innan veghelgunarsvæða Vegagerðarinnar.
 - Leita skal umsagna Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis.
- Skjaldamerki sveitarfélagsins skipt út eftir að nýtt byggðarmerki var gefið út.



5.3 Tímalína og samráðsáætlun





6 Heimildir

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Austurland. (e.d.). Visit Vopnafjörður – Þverárgil. Sótt af <https://www.visitvopnafjordur.com/is/afthreying/thverargil>

Landsnet. (2019). *Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027*.

Landsnet. (ágúst 2019). *VP1 Vopnafjarðarlína 1, breyting á matsskyldu mannvirki. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. nr. 19017*

Orkusalan (e.d.) Virkjanir - Lagarfossvirkjun. Sótt af <https://www.orkusalan.is/virkjun/lagarfossvirkjun>

Skipulagsstofnun. (2016). *Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð*. Sótt af <https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan>

Umhverfisstofnun (e.d.). Náttúruminjaskrá - Austurland. Sótt af <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/austurland/>

Þverárdalur ehf. (Júlí 2019). *Allt að 6 MW virkun í Þverá í Vopnafirði. Matskýrsla*. Sótt af <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/995#alit>



Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi fékk málsmeðferð skv. 31. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 og var samþykkt í _____ Vopnafjarðarhrepps

þann _____ .

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

_____ .
